



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Tengsl lögreglu og ríkisvalds á Íslandi
1921-1935**

og stofnun íslenskrar ríkislögreglu

Ritgerð til B.A. prófs í sagnfræði

Kristín Svava Tómasdóttir

Janúar 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

Tengsl lögreglu og ríkisvalds á Íslandi 1921-1935
og stofnun íslenskrar ríkislögreglu

Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði

Kristín Svava Tómasdóttir

Kt. 201185-3009

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðanarson

Janúar 2011

Ágrip

Frá því fyrstu lögregluþjónarnir tóku til starfa á Íslandi árið 1803 og fram á 20. öld var löggæsla í landinu að mestu undir bæjar- og sveitarstjórnirnar komin. Á 19. öld hófst mikið umbrotaskeið í landinu með auknum flutningum í þéttbýli, vaxandi bæjum og verkalýðsstétt. Stéttaátök settu æ meira mark á þjóðlífið og hið unga íslenska ríkisvald var í mótun. Meðal þess sem deilt var um var skipulag lögreglumála og tengsl lögreglunnar við ríkisvaldið, verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hlutleysi ríkisvaldsins. Árið 1925 var lagt fram frumvarp um varalögreglu á Alþingi sem aldrei var samþykkt en átta árum síðar, í kjölfar Gúttóslagsins alræmda, var í fyrsta sinn stofnuð ríkislögregla á Íslandi og lagaheimild gefin fyrir varalögreglu. Hún hafði þá raunar verið starfandi í Reykjavík um nokkurra mánaða skeið. Ritgerðin rekur framkvæmd og hugmyndafræði lögreglumála á Íslandi frá hinu svokallaða hvíta stríði 1921 og fram á miðjan 4. áratuginn, en þá hóf skipulag lögreglunnar að taka mið af hinni yfirvofandi heimsstyrjöld. Farið er yfir ólíka afstöðu stjórnmalaflokkanna til tengsla lögreglunnar við ríkisvaldið.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur.....	3
1. Nútímaríkið og lögreglan.....	5
1.1. Þróun hins vestræna lýðræðisríkis.....	5
1.2. „Hinn einkennisklæddi borgari“.....	8
1.3. Danska lögreglan.....	9
1.4. Íslenska lögreglan fram til 1921.....	13
1.5. Þjóðfélagsþróun á Íslandi fram til 1921.....	16
2. Ríkisvaldið hugar að vörnum sínum.....	20
2.1. Hvíta stríðið.....	20
2.2. Sóttvarnir eða pólitík?.....	23
2.3. Varalögregla og ríkislögregla.....	25
2.4. Varalögreglufrumvarpið.....	28
2.5. Herskylda og heimavarnarlið?.....	30
2.6. Örlög varalögreglufrumvarpsins.....	32
3. Aðdragandi frumvarps um ríkislögreglu.....	34
3.1. Lögreglan á 3. áratugnum og bannlögin.....	34
3.2. Heimskreppa og aukin stéttaátök.....	36
3.3. Gúttóslagurinn.....	38
3.4. Stofnun varalögreglunnar.....	41
4. Ríkislögregla 1933-1935.....	46
4.1. Ríkislögreglufrumvarpið.....	46
4.2. Þegar valdhafarnir knýja fram óánægju hjá fólkinu.....	48
4.3. „nú á að gera út um það, hvort ríkið á að standa eða falla“.....	50
4.4. Það er kannski engin ástæða til að tortryggja ríkislögreglu frekar en bæjarlögreglu, en það er samt gert, þótt máské sé að ástæðulausu.....	52
4.5. „Atvinnubótavinna íhaldsins“.....	54
4.6. Varalögreglan 1934-1935.....	58
Niðurstöður.....	63

Inngangur

Lögreglan er stofnun með margvíslegar skyldur á herðum. Lögreglumenn eltast við þá sem hafa framið morð, keyrt of hratt, stolið peningum, þeir leysa upp hávaðasöm partí, sinna forvörnum og skriffinnsku á borð við áfengisleyfaveitingar, selja reiðhjól í óskilum, fjarlægja börn af heimilum í upplausn. Þegar velmegun er almenn í þjóðfélaginu og hugmyndafræðileg átök síður uppi á yfirborðinu er auðvelt að taka hlutleysi ríkisvaldsins sem gefnu og lögreglunni sem sjálfsögðum, ópólitískum hlut, sveit manna sem er ávallt til taks til að sinna slíkum „hversdagslegum“ verkefnum.

Það breyttist margt í hugmyndum og viðhorfum Íslendinga með efnahagshruninu haustið 2008. Línurnar urðu skarpari og átökin komu upp á yfirborðið. Lögreglan hætti að vera áhorfandi að fámennum friðsælum mótmælum gegn Íraksstríðinu og NATO; þegar búsáholdabyltingin svokallaða brast á steig hún fram sem fulltrúi ríkisvaldsins og tók á móti mótmælendum. Þetta er auðvitað ekkert nýtt, saga Íslands eins og annarra landa geymir átök og hagsmunabaráttu, en sjálf hafði ég til dæmis aldrei upplifað annað en þá pólitík sem einkenndi góðærisár 10. áratugarins, þar sem átökin sýndu sig aðeins á jaðrinum en meginstraumurinn sjálfur var meira eða minna lygn. Nú beitti ríkisvaldið – okkar ríki – aftur á móti verkfæri sínu – lögreglumönnunum, samborgurum okkar – gegn okkur, handhöfum fullveldisins. Búsáholdabyltingin hafði í för með sér kosningar og nýja meirihlutakjörna ríkisstjórn sem stóð nær flestum mótmælendum í skoðunum en sú sem á undan var, en lögreglan er auðvitað sú sama og afstaða hennar til mótmælenda, því lögreglan er sjálfstæð – í kenningunni pólitísk hlutlaus – stofnun. Innan hennar vinna samborgarar okkar með gríðarlegar lagaheimildir til valdbeitingar og hafa það hlutverk að verja ríkjandi ástand og reglur þess – reglur sem við, einnig í kenningunni, höfum komið okkur saman um. Áhugi minn á lögreglunni kviknaði við þessar aðstæður og í framhaldinu ásetti ég mér að kanna upphaf tengsla lögreglunnar og íslenska ríkisvaldsins.

Lengst af 20. öldinni var löggæsla að mestu í höndum bæjar- og sveitarfélaga. Lögreglumenn urðu starfsmenn ríkisins í stað sveitarfélaganna fyrst árið 1972 og embætti ríkislögreglustjóra var ekki stofnað fyrr en árið 1992.¹ Í þessu ljósi kann að virðast sérstakt að seinni tímamörk ritgerðarinnar séu sett við miðjan 4. áratuginn, en

¹ *Ágrip af sögu lögreglunnar*, bls. 25-32.

þrátt fyrir að lögreglan hafi ekki fyrr en síðar færst alveg undir ríkið stóð á 3. og 4. áratugnum blómleg umræða á Íslandi um tengsl lögreglu og ríkisvalds.

Fyrstu lögregluþjónarnir á Íslandi tóku til starfa í Reykjavík kringum aldamótin 1800 og þeim fjölgaði hægt samhliða vexti þéttbýlisstaðanna á síðari hluta 19. aldar. Miklar breytingar hófust á landinu á þeim tíma, atvinnuhættir og byggðamynstur gjörbreyttust. Nýir pólitískir straumar lágu til landsins, ekki síst eftir byltinguna í Rússlandi 1917, og verkalýðshreyfingin tók sín fyrstu skref. Árið 1921 varð ákveðinn vendipunktur í samskiptum verkalýðsins við ríkisvaldið þegar Ólafur Friðriksson og Reykjavíkurlögreglan tókust á í hinu svokallaða hvíta stríði, og miða ég fyrri tímamörk ritgerðarinnar við þann atburð. Eftir hvíta stríðið hófust umræður innan ákveðinna hópa um nauðsyn þess að styrkja lögregluna til þess að hún væri betur búin undir pólitísk átök. Þessar umræður snerust um stofnun sérstakrar ríkislögreglu og/eða varalögreglu og minntu á sig allan áratuginn meðfram vaxandi stéttaátökum, meðal annars í ósamþykktu frumvarpi um varalögreglu árið 1925. Óróinn í Þjóðfélaginu jókst enn með heimskreppunni um 1930 og náðu hámarki sínu í Gúttóslagnum í nóvember 1932. Í kjölfar hans var samþykkt frumvarp á Alþingi um stofnun ríkislögreglu, með heimild fyrir varalögreglu, en hún hafði raunar verið starfandi í Reykjavík um nokkurra mánaða skeið. Hún var lögð af þegar ríkisstjórn Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, Stjórn hinna vinnandi stétta, tók við völdum árið 1934 en heimildin var enn til staðar í lögum og nokkur áhugi fyrir því hjá bæjarstjórnnum að nýta hana árin á eftir. Á síðari hluta 4. áratugarins tók skipulagning lögreglunnar að taka mið af yfirvofandi heimsstyrjöld og læt ég þar staðar numið.

1. Nútímaríkið og lögreglan

1.1 Þróun hins vestræna lýðræðisríkis

Okkur hættir gjarnan til að taka núverandi fyrirkomulagi hlutanna sem gefnu, að hugsa um þá ósögulega. En eins og Nietzsche tók til orða: það „sem liggur fyrir, og hefur einhvern veginn orðið til, er ávallt túlkað aftur út frá nýjum sjónarmiðum, lagt nýtt hald á það, því umbreytt og umsnúið til nýrrar notkunar af hálfu valds sem er því yfirsterkara; [...] þar sem fyrri „merking“ og „tilgangur“ hljóta nauðsynlega að myrkvast eða þurrkast alveg út.“² Eitt af aðalviðfangsefnum sagnfræðinnar hlýtur að vera að brjótast í gegnum þennan frumskóg, taka engu sem gefnu en grafast fyrir um uppruna fyrirbæranna og setja þau í sögulegt samhengi. Þetta á vel við þegar rætt er um háþólitískar samfélagsstofnanir á borð við lögregluna. Mér þykir því rétt að gefa gróft yfirlit yfir uppruna þess ríkis sem lögreglan er hluti af og þær hugmyndir sem liggja því og stofnunum þess til grundvallar.

Á miðöldum ríkti í Evrópu svokallað lénskipulag. Í mjög grófum dráttum má lýsa því þannig að æðsta vald var í höndum keisara og konunga en þeir léðu aðalsmönnum jarðir sem réttindalitlir leiguliðar byggðu og yrktu í þágu aðalsmannsins, eða léns herrans, sem í staðinn veitti þeim ákveðna vernd.³ Á 16. og 17. öld óx vald konungsins í mörgum löndum og einveldi konungs tók við af lénskipulaginu. Konungurinn, sem þáði vald sitt frá guði, varð límið sem hélt ríkinu saman, handhafi fullveldis þess.⁴

Á 17. og 18. öld öðluðust aðrar hugmyndir um æskilegt stjórnarfyrirkomulag hljómgrunn í Evrópu. Af fulltrúum þessara hugmynda má einna helsta nefna John Locke, sem skrifaði *Ritgerð um ríkisvald* og Jean-Jacques Rousseau, sem skrifaði *Samfélagssáttmálann*. Locke var Englendingur og skrifaði verk sín í samfélagsumróti 17. aldar á Englandi, en því fylgdu uppreisnir og borgarastríð og mikil átök þings og konungs. Rousseau var svissnesk-franskur og verk hans höfðu mikil áhrif á forystumenn í frönsku byltingunni undir lok 18. aldar. Locke og Rousseau fjölluðu báðir um samfélagssáttmálann, en í þeirri hugmynd felst að fólk beygi sig undir æðra vald í skiptum fyrir það að lögum og reglu sé framfylgt í samfélaginu. Einstaklingarnir komi

² Nietzsche, *Um sifjafræði siðferðisins*, bls. 122.

³ Bagge, *Politikens verdenshistorie* 9, bls. 52 og 214-215.

⁴ Rystad, *Politikens verdenshistorie* 12, bls. 37-39.

sér saman um ákveðnar reglur sem gilda skuli og beygi sig síðan undir þær á þeim forsendum að þær tryggi frið og reglu í samfélaginu, í stað algjörs frelsis og stjórnleysis hins náttúrulega ástands, þar sem engin samþjöppun valds á sér stað. Locke og Rousseau deildi á um ýmislegt sem viðkom eðli og réttindum mannsins og hinu æskilegasta stjórnarfyriřkomulagi og en kenningar þeirra skiptu miklu máli fyrir þá hugmynd að forsendurnar fyrir lögmæti stjórnvalda felist í samþykki þegnanna, þar sem valdið komi í raun frá fólkinu.⁵

Franska byltingin markar tímamót í sögu vestræna nútímaríkisins. Í einveldisríkjum miðalda var konungurinn handhafi fullveldis ríkisins. Í frönsku byltingunni var konunginum steipt og lýðræðisfyriřkomulag tekið upp. Þegnarnir – að minnsta kosti karlkyns hluti þeirra – urðu að jafnrétt háum borgurum sem voru handhafar fullveldisins í stað konungs. Lögin skyldu endurspegla vilja borgaranna og allir voru þeir jafnframt skyldugir til að lúta þeim.⁶ Þetta er grundvallarhugsjónin á bak við lýðræðisríki nútímans, en hana er að sjálfsögðu hægt að útfæra og túlka á ýmsan hátt. Fyrir borgararéttinum eru ávallt einhver skilyrði og ekki eru allir sjálfkrafa handhafar hans. Í upphafi var hann til dæmis grundvallaður á eignum og kyni og því voru hvorki konur né eignalausir karlmenn talin til borgara í ríkinu.⁷ Það verður heldur ekki litið framhjá því að vestræn lýðræðisstefna hefur þróast í nánnum tengslum við nútímaþjóðernisstefnu – þau lýðræðisríki sem þróuðust í Evrópu eftir frönsku byltinguna voru þjóðríki – og þótt hún kunni að vera „söguleg tilviljun en ekki rökfræðileg nauðsyn“ eins og Guðmundur Hálfðanarson hefur eftir heimspekingnum Jürgen Habermas hefur sú tenging haft töluverð áhrif á hugmyndir manna í vestrænum þjóðríkjum um borgararéttinn og réttmæta handhafa hans.⁸ Í dag hafa konur og öreigar almennt öðlast kosningarétt innan vestrænna þjóðríkja en sem dæmi um hóp á jaðri hins borgaralega samfélags má nefna innflytjendur, manneskjur sem eru til staðar á landsvæði viðkomandi ríkis en eru varla hluti af pólitísku kerfi þess og hafa því lítil sem engin réttindi innan þess. Þær eru, með öðrum orðum, ekki aðilar að samfélagssáttmála viðkomandi ríkis.

Öfugt við tiltölulega valdalaus þegna einveldiskonungsins er upprunalega hugmyndin sú að borgarar sem eiga hlut í fullveldi lýðræðisríkisins skuli vera meðvitaðir um borgararétt sinn og þá ábyrgð og vald sem honum fylgir, enda stendur

⁵ Lessnoff, *Social Contract*.

⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 115-116.

⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 141-142.

⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 41.

nútímaríkið borgurunum mun nær en einveldið gerði þegnum sínum. Vald þess yfir þeim hefur breyst; í stað einræðisvaldsins áður, þegar valdastéttin gat tekið handahófskenndar ákvarðanir á borð við aftökur ef henni sýndist svo en hafði ekki mikla yfirsýn yfir þegnum að öðru leyti, einkennist nútímaríkið fremur af kerfislægu valdi.⁹ Tækniframfarir 19. aldar höfðu mikil áhrif á þróun þess. Tilkoma prentmiðla og almenns læsis og bætta samgöngur gerðu ríkinu kleift að verða samhæfðara, einnig á svæðum sem eru fjarri aðalstjórnstöðvum þess.¹⁰ Samræmt skólakerfi og fjölmiðlar móta vitund borgaranna um að þeir tilheyrir ákveðinni ríkiseiningu. Eins og áður segir þróaðist þjóðernisstefnan meðfram lýðræðisstefnunni og setur mark sitt mjög á þessa framleiðslu samfélagsvitundarinnar í þjóðríkinu.¹¹ Aukin tækniþróun, verkaskipting og samskiptahraði gerir ríkinu einnig kleift að fylgjast náið með borgurunum og safna og varðveita miklu meiri upplýsingar um þá en áður fyrr. Nútímaríkið gerir tilkall til mikilla áhrifa á líf borgaranna, það hefur úrskurðarrétt í flestum málum og – síðast en ekki síst – einkarétt á ofbeldi.

Hin klassíska skilgreining á hinu fullvalda nútímaríki, sem komin er frá Max Weber, er að það sé miðstýrt kerfi stofnana og embættismanna sem ræður yfir afmörkuðu svæði, hefur æðsta vald til að setja lög innan þessara endimarka sinna og einkarétt á valdbeitingu og ofbeldi til verndar þessum lögum. Í þessu samhengi ber bæði að hyggja að innra valdi ríkisins, sem vettvangi innri (stétta)átaka, og ytri stöðu þess í samfélagi við önnur ríki. Ríkisherinn, þar sem hann er til staðar, er brjóstvörn ríkisins út á við og þess sterkasti bakhjarl, en lögreglan er sú stofnun sem tryggir innra vald ríkisins og heldur uppi lögum og reglu innan þess í krafti einkaréttar síns á valdbeitingu.¹²

Þetta má kalla hinar hugmyndafræðilegu undirstöður hins vestræna lýðræðisríkis, og þær má að miklu leyti rekja til upplýsingarinnar. Nútímaríkið mótaðist þó jafnvel enn frekar af þeim gríðarlegu breytingum á atvinnu-, búsetu- og lífsháttum manna sem fylgdu iðnbyltingunni á 18. og 19. öld. Áður fyrr hafði landbúnaður verið lífsviðurværi meirihluta Evrópubúa en nú flykkist fólk til ört stækkandi borganna til að starfa í verksmiðjunum. Aðallinn missti smám saman völd sín en borgarastéttin varð ráðandi í hinu nýja lýðræðissamfélagi. Landbúnaðarsamfélagið sem átti rætur sínar á

⁹ Mann, „The Autonomous Power of the State“, bls. 113-114.

¹⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 115.

¹¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 143.

¹² Mann, „The Autonomous Power of the State“, bls. 111-117.

miðöldum breyttist smám saman í kapítalískt neytlusamfélag.¹³ Þessum fólksflutningum og róttæku þjóðfélagsbreytingum fylgdi mikið umrót og í þessu umróti mótaðist nútímalögreglan sem stofnun.

1.2 „Hinn einkennisklæddi borgari“

Löggæsla hafði að sjálfsögðu verið til staðar í einhverri mynd í flestum ef ekki öllum ríkjum. Þar má nefna næturverðina sem stikuðu evrópsk borgarstræti frá miðöldum og fram á 19. öld, og frönsku riddarahersveitirnar, *la gendarmerie*. Á 19. öld þótti stjórnvöldum margra ríkja ástæða til að bregðast við breyttum aðstæðum í kjölfar iðnbyltingarinnar með endurskipulagningu lögreglunnar; sístækkandi borgum með stórum fátækrahverfum, breyttri og skarpari stéttskiptingu, örum fólksflutningum og þeirri upplausn og átökum sem því fylgdu. Þar má nefna stjórnvöld í Bretlandi, en þar voru umfangsmiklar skipulagsbreytingar gerðar á lögreglunni í anda hins samræmda nútímaríkis. Lögreglunni var breytt í miðstýrða atvinnulögreglu en áður hafði löggæslan verið tilviljanakenndari og staðbundnari og farið eftir hefðum á hverjum stað fyrir sig. Þótt nýja lögreglan hafi verið betur skipulögð og miðstýrdari en sú sem fyrir var ríkti þó lengi mikil andstaða í Bretlandi við beina ríkisvæðingu hennar og var hún því lengst af staðbundin að mestu. Þessi andstaða byggði á gamalgrónum breskum hefðum um lýðræðislega sjálfstjórn einstakra landsvæða.

Breytingarnar á bresku lögreglunni mættu töluverðri andstöðu lægri stétta, sem löggæslan bitnaði gjarnan á. Þar skipti einnig máli að verkamenn höfðu ekki kosningarétt og stóðu því í raun fyrir utan hið borgaralega samfélag og eignir þess, sem lögreglan verndaði. Breska lögreglan brást við mótstöðunni með því að taka meðvitað upp stefnu mildilegra samskipta við almenning og minnstu mögulegu valdbeitingu. Lögð var áhersla á þjónustuhlutverk lögreglunnar og ópólítískt yfirbragð. Breskir lögregluþjónar máttu lengi vel ekki vera í stéttarfélögum og höfðu ekki kosningarétt fyrr en árið 1887. Þess var gætt að ráða fremur menn úr lægri stéttum þjóðfélagsins til starfa. Reynt var að draga upp þá mynd af lögreglunni að hún þjónaði breskum almenningi en ekki yfirvöldum – lögregluþjónninn væri „hinn einkennisklæddi borgari“ sem sinnti því á degi hverjum sem allir borgararnir hefðu í raun vald og samfélagslega skyldu til að

¹³ Klinge, *Politikens verdenshistorie* 15, bls. 125-200.

gera. Þetta hafði sín áhrif, auk þess sem verkamenn öðluðust smám saman aukin réttindi á 19. öld og verkalýðsstéttin var innlimuð í hið borgaralega samfélag.¹⁴

Um aldamótin 1900 hafði breska lögreglan nokkurn veginn öðlast samþykki borgaranna – með þeim fyrirvara, að sjálfsögðu, að lögreglan hefur í eðli sínu það hlutverk að fást við átök og árekstra og því verður aldrei um hana fullkominn friður: „Ef það ríkti almennt samkomulag um reglur, gildi og viðeigandi samfélagslega hegðun væri engin þörf fyrir lögreglu. Við flestar aðstæður bitnar löggæslan á einhverjum, sem hlýtur, alltént á þeim stað og því augnabliki, að vera ósáttur við lögregluna.“¹⁵ Þótt það væri oft verkalýðurinn og aðrir á botni þjóðfélagsstigans sem löggæslan bitnaði á höfðu þessir hópar samþykkt lögregluna að því leyti sem mestu máli skiptir: þótt fólk væri ósátt við ákveðnar lagagreinar og framfylgni lögreglunnar við þær viðurkenndi það tilvistarrétt lögreglunnar sem slíkrar og gat nýtt sér hana við aðrar aðstæður, svo sem ef brotið var á því sjálfu.¹⁶ Síðar átti eftir að hrikta í þessum góðu samskiptum bresku lögreglunnar og almennings eftir miðja 20. öld, með auknum átökum við kynþáttaminnihlutahópa og atvinnulausa.

1.3 *Danska lögreglan*

Þar sem Danmörk er það ríki sem löngum hefur staðið Íslandi næst er ekki úr vegi að kanna þróun lögreglumála þar, en fyrsta sjálfstæða lögregluembættið í Danmörku varð til með skipan lögreglustjóra fyrir landið allt árið 1682. Danska konungsríkið var á þeim tíma einveldi og setti það nokkuð mark á skyldur lögreglunnar í fyrstu, sem margar gengu mjög nærri einkalífi þegnanna.¹⁷ Stærstur hluti lögreglunnar var alltaf í Kaupmannahöfn en á landsbyggðinni þjónuðu bæjarfógetar og héraðsdómarar sem lögreglustjórar og voru bæði fulltrúar dómsvaldsins og framkvæmdavaldsins. Þeir höfðu fjöldamargar skyldur á herðum og almennt séð var ekki nægur mannaflí til staðar til að halda uppi öflugri löggæslu, einkum á landsbyggðinni. Lögreglustjórnir, fógetarnir og dómarnir þar með taldir, voru konungsskipaðir ríkisstarfsmenn en allt annað lögreglulið var skipað og launað af viðkomandi bæjarfélögum. Þetta fyrirkomulag olli ákveðinni tregðu hjá bæjunum til að efla löggæsluna, en eins og sjá má í síðari köflum var sama vandamálið lengi vel uppi á teningnum á Íslandi.

¹⁴ Reiner, *The Politics of the Police*, bls. 12-73.

¹⁵ Reiner, *The Politics of the Police*, bls. 60.

¹⁶ Reiner, *The Politics of the Police*, bls. 49-53.

¹⁷ Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 12-15.

Franska byltingin í lok 18. aldar hafði í för með sér þjóðfélagssóroa um alla Evrópu, þar á meðal í Danmörku, og átök urðu gjarnan milli lögreglu og almennings. Ótti einveldisins við stjórnarfarsbreytingar var ekki ástæðulaus. Lýðræðisbaráttan bar árangur í Danmörku, sem fékk stjórnarskrá árið 1849 og varð stjórnarskrárbundið konungsríki. Í stað lögreglu einveldisins, sem hafði mikil réttindi til inngripa þótt enginn glæpur hefði verið framinn, kom lögregla þingræðisins. Það leið reyndar nokkur tími frá því stjórnarskráin nýja tók gildi og þar til hún hafði áhrif á löggæsluna. Lögreglan í Kaupmannahöfn var endurskipulögð árið 1863 en lögreglan á landsbyggðinni árið 1871. Ein helstu áhrif stjórnarskrárinnar voru aðskilnaður dómssvalds og framkvæmdavalds – einn og sami maðurinn var ekki lengur dómari, saksóknari og lögreglustjóri í sama málinu.¹⁸ Einnig voru nú stjórnarskrárbundin réttindi borgaranna til einkalífs og fundafrelsis tryggð. Aftur á móti var ekki hróflað við því fyrirkomulagi að hið almenna lögreglulið væri staðbundið og undir stjórn bæjarfélaganna, þótt það ylli stundum vandræðum að lögregluliðið væri ekki hreyfanlegt milli umdæma.

Þegar lögregluliðið réði ekki við aðstæður í pólitískum átökum var herinn kallaður til aðstoðar. Á 19. öld hófust umræður um það í Danmörku hvort stofna ætti sérstakar vopnaðar lögreglusveitir, *gendarmarie*, að franskri fyrirmynd, en frönsku sveitirnar voru sprotnar frá riddaraliði miðalda. Mörg Evrópuríki komu sér upp slíkum sjálfstæðum sveitum til að takast á við pólitískan óróleika 19. aldar og þær tíðkast víða enn. Það gekk þó ekki vandræðalaust að koma vopnuðum sveitum á fót í Danmörku. Þegar þessar hugmyndir komu fyrst fram í kjölfar óeirða kringum 1820 var fallið frá þeim af fjárhagslegum ástæðum. Þær voru ræddar á þinginu í tengslum við endurskipulagningu lögregluliðsins um 1860 en var þá hafnað þar sem þær þóttu ekki samræmast lýðræðisþróuninni í landinu og talið var að gjá gæti myndast milli lögreglu og almennings í kjölfarið.

Aðstæður voru aftur á móti aðrar þegar þessar hugmyndir kviknuðu á ný árið 1885. Frjálslyndi bændaflokkurinn Venstre, sem hafði meirihluta í neðri deild þingsins, Folketinget, vildi koma á þingræði en landeigendurnir í hægriflokknum ekki og forsætisráðherra þeirra, Estrup, greip til þess ráðs að stjórna landinu með bráðabirgðalögum. Aðstæður voru eldfimar og skánuðu ekki þegar gert var banatilræði við forsætisráðherrann. Stjórnvöld brugðust við með því að koma á fót ríkisreknum,

¹⁸ Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 27-36.

vopnuðum lögreglusveitum. Mjög rúmar heimildir voru gefnar fyrir fjölgun í liðinu en þær voru reyndar aldrei notaðar til fulls. Sveitin mætti mikilli andstöðu í byrjun, einkum á landsbyggðinni, þar sem Venstre voru sterkir fyrir. Það kom þó fljótlega í ljós að þrátt fyrir upphlaup þessara ára var ekki áframhaldandi þörf fyrir þennan aukna liðsstyrk, sem fór smám saman að starfa við hlið almenna lögregluliðsins víða um landið, eins og hann gerir yfirleitt enn annars staðar í Evrópu.

Lagafrumvarpið um stofnun vopnuðu lögreglusveitanna var ekki lagt fyrir þingið fyrr en árið 1894, þegar sátt hafði náðst milli Venstre og Højre, og þá var það fellt og sveitirnar lagðar af. Þetta olli töluverðum erfiðleikum hjá lögreglusveitum bæjarfélaganna, en tilvist ríkisreknu lögreglunnar hafði sparað þeim umtalsverðan löggæslukostnað. Áður höfðu komið upp hugmyndir um að breyta vopnuðu lögreglusveitunum í nútímavædda rannsóknarlögreglu á vegum ríkisins og nú kviknuðu þær á nýjan leik. Þingnefnd sem hafði málið til umfjöllunar mælti með ríkisrekinni rannsóknarlögreglu undir stjórn dómsmálaráðherrans á þeim forsendum að réttaröryggi og glæparannsóknir væru best settar í höndum ríkisins en ekki einstakra bæjarfélaga. Frumvarp þetta var þó aldrei samþykkt.

Aftur á móti var mun hógværar frumvarp um ríkislögreglu samþykkt á danska þinginu árið 1911. Þá var Venstre við völd og hafði hvorki áhuga á að endurvekja vopnaðar hersveitir 19. aldar né að draga úr sjálfstjórn bæjarfélaganna í löggæslumálum. Ríkisrekna rannsóknarlögreglan sem komið var á fót taldi 36 menn og einn lögreglustjóra fyrir allt landið. Á sama tíma voru sett lög um hógværan lágmarksfjölda lögregluþjóna fyrir hvert bæjarfélag, einn á hverja 10.000 íbúa á landsbyggðinni og hverja 3.000 íbúa í þéttbýli. Athyglisvert er að fyrstu árin var nýja ríkislögreglan að miklu leyti kostuð af tryggingafélögunum, sem höfðu ítrekað reynt að fá stjórnvöld til að koma upp rannsóknarlögreglu, til að rannsaka til dæmis eldsvoða.

Ríkislögreglunni var misvel tekið. Fyrsti yfirmaður hennar, Valdemar Mensen, var yfirlýstur fylgismaður aukinnar miðstýringar og lögreglustjórar víðs vegar um landið tóku illa í afskipti af störfum sínum. Auk þess varð til samkeppni og óskýrar boðleiðir milli lögregluliðanna tveggja. Á þessu fyrirkomulagi var þó skerpt í lögum árið 1919. Upp frá því var skýr tvenns konar löggæsla í Danmörku: einkennisklædd götulögregla sem var staðbundin og rekin af bæjarfélögunum, og óeinkennisklædd rannsóknarlögregla sem var ríkisrekin og náði yfir allt landið.¹⁹ Árið 1926 fór fram

¹⁹ Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 50-69.

endurskoðun á lögreglulögunum. Meirihlutinn vildi gefa tvískiptingu dönsku lögreglunnar upp á bátinn og stofna eina miðstýrða ríkislögreglu. Þetta var stefna sósíaldemókrata og Róttæka vinstriflokksins. Hins vegar fór Venstre með stjórntaumana, studdir af íhaldsmönnum, og þeir vildu frekar styrkja sjálfstjórn hvers lögregluumdæmis, en dómsmálaráðherrann hefði yfirumsjónina. Það varð því ofan á.²⁰

Nokkrum árum síðar höfðu aðstæður breyst enn einu sinni. Ekki einungis voru miðstýringarsinnarnir, sósíaldemókratar og Róttæki vinstriflokkurinn, komnir í stjórn, heldur voru blikur á lofti bæði innanlands og utan í kjölfar heimskreppunnar sem hófst 1929. Róttækir hópar á báðum vængjum stjórnmalanna, einkum nasistar og kommúnistar, einkennisklæddust og vopnvæddust. Lögreglan í Kaupmannahöfn vopnaði sérstakan sjötíu manna hóp úr sínum röðum með táragasi og skotvopnum. Stofnað var 100 manna lið sem að nafninu til var hluti hinnar ríkisreknu rannsóknarlögreglu en átti í raun að sinna útköllum á vegum ríkisins þegar hættu var á pólitískum uppþotum. Eftir að sósíaldemókratarnir og Róttæki vinstriflokkurinn fengu meirihluta í báðum deildum þingsins komust hugmyndir um sameinaða ríkislögreglu á skrið og frumvarp þess efnis var samþykkt árið 1938, þrátt fyrir andstöðu Venstre og íhaldsmanna, sem óttuðust að tengsl lögreglunnar við almenning myndu rofna og almennt draga úr sjálfstjórn hvers bæjarfélags. Þeir vildu heldur ekki að stjórn jafnaðarmannsins Staunings fengi vopnaðar varðsveitir á borð við þær sem Estrup hafði haft.

Afstaðan í lögreglumálum harðnaði í takt við hin pólitísku átök og litið var svo á að um líf og dauða ríkisvaldsins og lýðræðisins væri að tefla. Menn vildu ógjarnan beita hernum gegn borgurunum. Aftur á móti gengu tilraunir til að bræða lögregluna saman í eina sameinaða stofnun ekki sérlega vel og voru ekki markvissar. Andrúmsloftið í aðdraganda heimsstyrjaldarinnar síðari hafði svo sín áhrif á umræður um löggæslu, með tilheyrandi öryggislögreglu og víkkuðum rannsóknarheimildum.²¹ Þá þróun dönsku lögreglunnar sem hér hefur verið rakin er athyglisvert að hafa til hliðsjónar þegar saga íslensku lögreglunnar er skoðuð – margt er þar mjög svipað en annað áberandi ólíkt, til dæmis afstaða hægri vængsins og vinstri vængsins í Danmörku og á Íslandi til miðstýringar lögreglunnar, eins og síðar mun koma í ljós.

²⁰ Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 77.

²¹ Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 80-94.

1.4 Íslenska lögreglan fram til 1921

Á þjóðveldistímanum var ekkert framkvæmdavald á Íslandi og því engin lögregla. Öll mál sem í dag eru lögreglumál voru þá einkamál og gerð upp manna í milli. Þegar Noregskonungur náði völdum á Íslandi og sýslumenn komu til sögunnar sinntu þeir brotamálum sem til þeirra voru kærð. Rétt eins og dönsku bæjarfógetarnir og héraðsdómararnir voru sýslumennirnir á Íslandi bæði fulltrúar dómsvalds og framkvæmdavalds²² og voru það reyndar lengst af 20. öldinni.

Eins og komið hefur fram var aukin þéttbýlismyndun lykilatriði í þróun nútímalöggæslu, en það var lítið um slíkt á Íslandi lengi framan af. Guðbrandur Jónsson, srm ritaði sögu Reykjavíkurlögreglunnar árið 1938, bendir enda réttilega á að „í dreifbýli og fámenni gerist löggæzlu ekki eins mikil þörf eins og í þéttbýli, vegna þess að þær nánú gætur, sem hver gefur öðrum í fámenni, koma að mörgu leyti í stað löggæzlunnar og gera svipað gagn og hún, varna afbrotum og koma þeim upp“.²³ Félaglegt taumhald fámennisins vinnur gegn andfélagslegri hegðun og frávikum í lifnaðarháttum sem og beinum afbrotum. Það skyldi því engan undra að fyrsta vísinn að nútímalöggæslu á Íslandi skuli vera að finna á þeim tíma þegar Innrétttingarnar tóku til starfa í Reykjavík um miðja 18. öld og lítið verksmiðjuþorp varð til í kringum þær.

Þegar Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi árið 1786 bjuggu þar 307 manns. Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu fór þá með lögreglustjórn í Reykjavík eins og í sýslunni allri. Árið 1778 var gefið út erindisbréf fyrir næturverði sem í upphafi voru tveir talsins og launaðir af verksmiðjunum. Hlutverk þeirra var að gæta bæjarins, einkum verksmiðjuhúsanna, að nóttu til, fylgjast með grunsamlegum mannaferðum og þjófnuðum og gæta að því að hvergi logaði eldur.²⁴ Eftir að verksmiðjustarfsemin lagðist af skipuðu stjórnvöld næturverði og skikkuðu lóðaeigendur í Reykjavík til að greiða þeim launin, við litla hrifningu.²⁵ Einn maður sinnti næturvörslu í Reykjavík frá 1803 til 1865 en eftir það voru þeir aftur tveir.²⁶

Árið 1803 var Reykjavíkurbærinn gerður að sérstakri dómþinghá og embætti bæjarfógeta stofnað. Í fyrstu var það sýslumaðurinn í Gullbringusýslu sem sinnti bæjarfógetastörfum í Reykjavík eftir sem áður, og var því í raun bæði bæjarfógeti,

²² Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 11.

²³ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 13.

²⁴ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 14-21.

²⁵ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 37.

²⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 65.

borgarstjóri og lögreglustjóri í bænum, en síðan voru þau embætti aðskilin og landfógetaembættið sameinað bæjarfógetaembættinu í Reykjavík. Þau voru síðan aðskilin árið 1874, árið 1907 var borgarstjóraembættið skilið frá bæjarfógetaembættinu og loks árið 1917 voru bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættin í Reykjavík aðskilin. Lögreglustjóri hafði þó tollamál á sinni könnu allt til ársins 1928, þegar tollstjóraembættið var stofnað,²⁷ og dómaraströf til 1940.²⁸

Um leið og fyrsti bæjarfógeti Reykjavíkur var skipaður árið 1803 voru skipaðir undir hann tveir lögregluþjórnar. Fyrstu lögregluþjórnarnir voru danskir og Guðbrandi Jónssyni liggur ekki gott orð til þeirra, telur þá flesta hafa verið drykkfellda og óreglusama, en lögregluþjónsstarfið var ekki sérlega vel launað og því ekki mjög eftirsóknarvert. Lögregluþjórnarnir fengu laun sín úr jarðabókarsjóði. Í kjölfar þess að verslun var gefin frjálst á Íslandi árið 1854 var lögregluþjónum Reykjavíkur fjölgað í þrjá, en þriðji lögregluþjónninn fékk laun sín úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins.²⁹ Meðal verkefna lögreglunnar voru þjófnaðir og innbrot, óvarleg umgengni með eld, eftirlit með óleyfilegri lausamennsku og dvöl utanbæjarmanna í bænum og síðast en ekki síst áfengismál og vandræði sem af þeim hlutust. Drykkjuskapur var mikill í bænum og létu ölvaðir menn gjarnan ófriðlega og slógust, ekki síst utanbæjarmenn í kaup tíðinni og erlendir sjómenn.

Engin lögreglusamþykkt um hlutverk lögregluþjóanna og reglur starfsins var til fyrr en við lok 19. aldar. Þessi skortur á skipulagðri heildarlöggjöf olli stundum ósamræmi og handahófskenndum aðgerðum í framkvæmd löggæslunnar.³⁰ Löreglustjórnarnir höfðu sem bæjarfógetar nóg annað á sinni könnu og létu því nægja að taka við kærnum um afbrot hjá lögregluþjónum og fylgja þeim eftir „eins og skapgerð þeirra stóð til“.³¹ Skömmu fyrir miðja öldina fóru menn að velta því fyrir sér hvort ekki væri réttast að setja einhvers konar lögreglulög á Íslandi og hölluðust helst að því að innleidd yrðu dönsk lögreglulög í Reykjavík, sem væri að mörgu leyti ekki ósvipuð dönskum bæjum, en á landsbyggðinni hlytu aftur á móti að gilda aðrar reglur því þar væru samskipti manna og lifnaðarhættir með allt öðru móti.³² Árið 1808 höfðu hreppstjórnar verið gerðir að lögregluþjónum í sínum hrepp með hreppstjóratilskipuninni

²⁷ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 42-44.

²⁸ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 324.

²⁹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 52-61.

³⁰ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 69-78.

³¹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 73.

³² Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 84-87.

og sinntu þeir allri löggæslu í sveitum landsins lengst af.³³ Í fáeinum þéttbýlisstöðum voru skipaðir lögregluþjónar á 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar; á Akureyri árið 1820, á Ísafirði árið 1894, í Hafnarfirði árið 1908 og á Siglufirði og í Vestmannaeyjum árið 1919.³⁴

Árið 1874 voru landfógetaembættið og bæjarfógetaembættið í Reykjavík aðskilin. Um svipað leyti var í fyrsta skipti gefin út tilskipun með ákvæðum um lögreglustjórn í Reykjavík. Áður hafði stiftamtmaðurinn skipað lögregluþjóna en nú færðist það vald til bæjarstjórnarinnar, sem skyldi setja lögregluþjóna, næturverði og fangaverði eftir uppástungu lögreglustjóra, sem gat þó veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Þessu fylgdu nokkur átök um það hver skyldi greiða laun lögregluþjónanna, bærinn eða ríkið. Á endanum fór það svo að bærinn neyddist til að greiða tveimur lögregluþjónum úr eigin sjóðum en réði ekki annan mann í stað þess þriðja þegar hann hætti störfum.

Árið 1889 setti Reykjavíkurbær lögregluþjónunum og næturvörðunum erindisbréf sem kom í staðinn fyrir lögreglusamþykkt fyrst um sinn. Í því kemur fram að lögregluþjónar skuli reyna að sporna við afbrotum og upplýsa þau sem framin hafi verið og halda uppi almennum friði og reglu. Þeir áttu ennfremur að fylgjast með því að þeir sem settust að í bænum hefðu til þess tilskilin leyfi.³⁵ Fimmta grein erindisbréfsins hljóðar svo: „Verði háreysti eða ryskingar á almannaferi, skulu löggæzlumenn stilla til friðar, og ef þörf gerist taka þá seku fasta. Löggæzlumönnum er heimilt, ef á þarf að halda, að kveðja sér til aðstoðar hvern þann, er þeir ná til, til þess að hindra lagabrot, eða bæla niður óspektir og mótþróa.“³⁶ Þessi grein um aðstoð borgaranna við lögreglumenn á götum úti, sem var að finna í mörgum lögreglusamþykktum eftir þetta, á eftir að koma oft við sögu í þessari ritgerð og vera túlkuð á ólíka vegu.

Um þetta leyti voru lögregluþjónar Reykjavíkurbæjar tveir og smáfjölgaði þar til þeir voru orðnir fimm árið 1915, en þegar mikið lá við, svo sem við konungskomuna 1907 og influensufaraldurinn 1918, var þeim fjölgað lítillega.³⁷ Þrátt fyrir þessa litlu fjölgun í lögregluliðinu hafði íbúatala Reykjavíkur margfaldast. Þar bjuggu árið 1917 15.020 manns, sem var milli sexföld og sjöföld íbúatalan árið 1880. Kostnaðurinn sem bæjarfélagið lagði út fyrir löggæslu var samanborið við aðra sambærilega bæi erlendis

³³ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 53.

³⁴ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 468-532.

³⁵ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 90-105.

³⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 101.

³⁷ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 104-105.

mjög lítill. Þótt kjörin væru slæm, sérstaklega kjör næturvarða, vantaði aldrei lögregluþjóna því ástandið í þjóðfélaginu var ekki beysið.

Árið 1917 var farið að huga að endurskipulagningu löggæslunnar á Alþingi og ný lög um hana tóku gildi árið eftir. Þá var sérstakt lögreglustjóraembætti stofnað í Reykjavík og það skilið frá bæjarfógetaembættinu. Lögreglustjórinn skyldi sinna lögreglumálum og tollmálum en dómaraströf og uppboð féllu í hlut bæjarfógetans. Um þetta leyti var hætt að greina í sundur næturverði og lögregluþjóna. Allt liðið varð að lögregluþjónum sem unnu ýmist dag- eða næturströf og föstum verði var komið upp á lögreglustöðinni. Lögregluþjónum var fjölgað í tíu, þótt lögreglustjóri hefði raunar óskað eftir fleirum. Launakjör þeirra voru loks ákveðin og bundin í reglur og bötnuðu þau þá nokkuð.³⁸

1.5 Þjóðfélagsþróun á Íslandi fram til 1921

Á því tímabili í sögu lögreglunnar sem hefur verið til umfjöllunar hér á undan urðu gríðarlegar breytingar á íslensku samfélagi, að nokkru sambærilegar við þær sem lýst var í alþjóðlegu samhengi í kaflanum um þróun nútímaríkisins.

Íslenska bændasamfélagið hafði verið í tiltölulega föstum skorðum um aldir. Langstærstur hluti þjóðarinnar hafði landbúnað að lífsstarfi sínu og aðalafkomuvegi þótt árstíðabundin sjómennska væri mikilvæg meðfram.³⁹ Stéttaskipting þjóðfélagsins var ólík því sem síðar varð, embættismenn, prestar og menntamenn voru lítill hópur en langstærstur hluti þjóðarinnar var bændafólk; húsbændur og vinnufólk. Ekki var litið á vinnufólk sem sérstaka stétt heldur var vinnumennskan eins konar skref í þroskasögu einstaklingsins. Vinnufólk hafði takmörkuð réttindi, jafnvel ekki ferðafrelsi, og húsbændurnir höfðu leyfi til að refsa því líkamlega eins og börnunum. Strangar reglur giltu um það hvar fólk mátti starfa og búa.⁴⁰ Guðmundur Hálfðanarson bendir á að löggæsla „varð af þessum sökum mjög einföld á Íslandi, þar sem stór hluti Íslendinga var bundinn við einkaheim heimilisins“⁴¹ og minnir það á orð Guðbrands Jónssonar um styrk hins félagslega taumhalds í dreifbýlinu og áhrif þess á löggæsluna.

Mikil íhaldssemi ríkti í þessu fastmótaða samfélagi. Meirihluti þingmanna á Alþingi stóð gegn frjálslýndum straumum sem bárust til landsins frá Danmörku og

³⁸ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 110-129.

³⁹ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 216.

⁴⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, bls. 43-44.

⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, bls. 44.

höfðu öllum tillögum um aukið atvinnufrelsi og persónufrelsi landsmanna. Frjálslyndar lýðræðishugmyndir byggðu á trú á skynsemi mannsins og getu hans til að axla ábyrgð sem borgari í lýðræðislegu ríki en íhaldsmenn litu fremur á manninn sem sérhagsmunasegg sem halda þyrfti aftur af með skýrum reglum í öguðu samfélagskerfi. Þeir voru á móti þéttbýlismyndun og vildu sporna gegn fólksfjölguninni með hertum reglum um öreigagiftingar. Íslenska þjóðin var í eðli sínu bændaþjóð og bændasamfélagið varð að varðveita framfarir öllu.

Þessi ráðandi íslenska íhaldssemi stangaðist á við þær hugmyndir sem hið nýja danska lýðræðisríki byggði á. Danska einveldið féll árið 1848 og Danir fengu stjórnarskrá og löggjafarþing í kjölfarið, þótt konungurinn hefði áfram viðtæk völd og veldi sér ríkisstjórn. Fullveldið færðist frá konunginum til dönsku þjóðarinnar. Meðan konungurinn var handhafi fullveldis ríkisins var ekki nauðsynlegt að sérstakt samræmi væri milli ólíkra hluta þess og Íslendingum tókst ágætlega að halda fjarlægð frá hinu danska ríki svo lengi sem þeir hylltu sinn arfakóng. Nýja danska stjórnarskráin byggði aftur á móti á nútímalegum hugmyndum um sameinað lýðræðislegt þjóðríki þar sem allir borgararnir hefðu jöfn réttindi og jafnar skyldur gagnvart ríkinu og færu eftir almennum samræmdum reglum. Íslendingar vildu halda fjarlægð sinni frá ríkisvaldinu og gefa sveitarstjórnnum mjög mikið vald í ýmsum málum, en í lýðræðishugmyndum Dana fólst að gera samband þegnanna við ríkisvaldið sem beinast. Ef Ísland átti áfram að vera hluti af danska ríkinu hlutu Íslendingar í raun að verða hluti af hinnu dönsku þjóð, en á því höfðu þeir lítinn áhuga. Þjóðernisstefnan hafði fallið í frjóan svörð á Íslandi og sjálfstæðisbaráttan sem hófst á þessum tíma stjórnaðist samkvæmt kenningum Guðmundar Hálfðanarsonar fremur af löngun til að hafa sitt í friði fyrir danska ríkinu, þar á meðal gamalgróna skiptingu valdsins, en af þeirri trú á lýðræði og einstaklingsfrelsi sem lá – alltént að nokkru leyti – að baki baráttunni fyrir nútímalegum lýðræðisríkjum í Evrópu. Lengi framan af stjórnaðist öll flokkaskipting í íslenskum stjórnámálum af afstöðu manna til sambandsins við Dani, lögð var áhersla á þjóðareiningu í baráttunni en litið framhjá þeim ágreiningi sem þó var óneitanlega til staðar um æskilega framtíðarmynd íslensks samfélags.

Þrátt fyrir andstöðu þjóðernisíhaldsmanna og stíft regluverk var íslenska bændasamfélagið að ganga sér til húðar á 19. öld. Fólksfjölgun hafði aukist, meðal annars vegna tiltölulega hagstæðs árferðis, bættra samgangna og framfara í

læknavísindum.⁴² Fólk sem sveitirnar gátu ekki fætt flutti ýmist til Vesturheims í leit að betri tækifærum eða að sjávarsíðunni. Þéttbýlisstaðir tóku að myndast, ekki í kringum verksmiðjur eins og í Evrópu heldur kringum sjávarútveginn.⁴³ Árið 1901 bjuggu 73% Íslendinga í dreifbýli en sá fjöldi hrapaði hratt og árið 1940 bjó aðeins um þriðjungur Íslendinga í dreifbýli en 67% í þéttbýli.⁴⁴ Í raun má segja að með þessu hafi Ísland orðið tvískipt þjóðfélag. Í sveitunum lifði gamla bændasamfélagið áfram en við sjávarsíðuna myndaðist stéttskipt, nútímalegt auðmagnsþjóðfélag.⁴⁵ Þessi tvískipting kemur meðal annars glögglega fram í þeim umræðum um löggæsluna í landinu sem raktar verða hér á eftir.

Smám saman fór fólk að brjóta hin ströngu atvinnuhöft af illri nauðsyn. Til varð stétt daglaunamanna, verkalýðsstétt hvers aðalstarf var sjávarútvegur í stað landbúnaðar, og fámenn borgaraleg miðstétt.⁴⁶ Útgerðar- og verslunarmenn voru einna mikilvægasti hópur atvinnurekenda í gegnum utanríkisverslun með fiskafurðir.⁴⁷ Hvað borgararétt lægri stétta á þessum tíma varðar þá hafði innan við tíundi hluti þjóðarinnar kosningarétt frá því byrjað var að kjósa til Alþingis sem löggjafarþings árið 1874 og fram að heimastjórnartímanum. Nokkuð almennum kosningarétti var komið á 1915 en þá var samþykkt að veita konum og vinnufólki kosningarétt í áföngum. Það var þó ekki fyrr en stjórn Alþýðuflokks og Framsóknarflokks komst til valda árið 1934 að hætt var að svipta fólk kosningarétti fyrir að hafa þurft að þiggja sveitarstyrk.⁴⁸

Á síðustu áratugum 19. aldar hóf verkafólk að stofna með sér stéttarfélag. Prentarar riðu á vaðið árið 1887, sjómenn skömmu síðar, og verkamenn í Reykjavík stofnuðu Verkamannafélagið Dagsbrún árið 1906. Það var fyrir miklu að berjast því í upphafi hafði verkafólk lítil sem engin réttindi. Það vann langa vinnudaga án nokkurra ákveðinna matar- eða kaffitíma og fékk ekki greitt í peningum heldur í úttekt hjá kaupmanninum, sem oft var sami maður og útgerðarmaðurinn.⁴⁹ Viðurkenning sjálfs sammingsréttarins var mikilvægt baráttumál og var grunnurinn að slíkri viðurkenningu lagður með fyrsta skriflega kjarasamningnum sem Dagsbrún gerði árið 1913. Árið 1916 stofnuðu verkalýðsfélögin með sér landssamband, Alþýðusamband Íslands. Fjórum

⁴² Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, bls. 21-52.

⁴³ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 217-219.

⁴⁴ *Mannfjöldi, mannaflí og tekjur*, bls. 20-21.

⁴⁵ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 254.

⁴⁶ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 215-216.

⁴⁷ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 244-249.

⁴⁸ Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900-1959“, bls. 333.

⁴⁹ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 223-234. Sjá nánar Jón Guðnason, „Greiðsla verkkaups í peningum“.

árum síðar voru 23% verkamanna félagsmenn í ASÍ en árið 1940 var talan komin upp í 80%. Árið 1925 voru í fyrsta sinn sett lög um ríkissáttasemjara, þótt það væri ekki fyrr en áratug síðar sem hann fékk nokkur völd eða umboð til að leggja mál fyrir gerðardóm. Þangað til var hlutverk hans eingöngu að leiða saman deiluaðila og freista þess að ná sáttum. Kjaramál verkafólks þróuðust með ólíkum hætti á landinu og voru einna best sunnanlands þar sem verkalýðshreyfingin var sterkust og þéttbýlið mest.⁵⁰

Ár fyrri heimsstyrjaldarinnar voru erfið, innfluttar vörur snarhækkuðu í verði og vöruskortur ríkti. Erfiðleikarnir urðu til þess að harka færðist í stéttaátökin, stéttasamstaða varð meiri meðal verkafólks og stéttasamtökin urðu megingerendur stjórnmalanna í stað þess að þau snerust um afstöðuna til Dana í sjálfstæðismálinu líkt og áður. Árið 1916 voru tveir stéttaflokkar stofnaðir, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn. Framsóknarflokkurinn var bændaflokkur og starfaði síðar í nánum tengslum við Samband íslenskra samvinnufélaga en Alþýðuflokkurinn var verkalýðsflokkur og bundinn verkalýðshreyfingunni og Alþýðusambandinu skipulagsböndum.⁵¹ Innan Alþýðuflokksins ríktu átök milli jafnaðarmanna og hinna róttækari kommúnista og svo fór að árið 1930 klufu kommúnistar sig út úr flokknum og stofnuðu Kommúnistaflokk Íslands.⁵² Þessara átaka gætti einnig innan verkalýðshreyfingarinnar, þar sem kommúnistar og jafnaðarmenn tókust á um völdin.⁵³

Atvinnuveitendur og borgaraleg öfl stofnuðu sín eigin félög og árið 1924 varð til stjórnmalaflokkur sem var mótvægi við hina flokkana tvo, Íhaldsflokkurinn, sem síðar sameinaðist Frjálslynda flokknum árið 1929 og varð að Sjálfstæðisflokknum nýrri (áður hafði verið til Sjálfstæðisflokkur sem stjórnaðist af afstöðu til sjálfstæðismálsins). Hann vann mjög að ímynd sinni sem fulltrúi allra stétta og var síst bundinn af flokkunum við eina ákveðna stétt. Hann var frá upphafi stærsti flokkurinn hvað atkvæðamagn varðaði en hafði ekki samsvarandi styrk á þingi þar sem vægi dreifbýlisatkvæða var meira en þéttbýlisatkvæða. Kjördæmaskipanin var byggð á fyrirkomulagi frá 19. öld og miklir fólksflutningar úr sveit í þéttbýli skekktu atkvæðavægið.⁵⁴

⁵⁰ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 253-261.

⁵¹ Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900-1959“, bls. 325-336.

⁵² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 132-133.

⁵³ Sjá t.d. Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, og Helga Skúla Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 131-133.

⁵⁴ Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar“, bls. 325-340.

2. Ríkisvaldið hugar að vörnum sínum

2.1 Hvíta stríðið

Um fjögur hundruð manns vildu fúsir fórna sjer,
ef fengist unninn þessi voða bolsevikka-her:
þeir fundu enn þá sviðann af fyrri slagnum hans,
en fyrirgefðu, bolsevikkar reyndust þrettán manns.⁵⁵

Þau átök sem nefnd hafa verið *hvíta stríðið* eru ágætis viðmiðunarpunktur þegar rætt er um upphaf nýrra hugmynda um ríkisrekna löggæslu á Íslandi, en það geisaði nokkra nóvemberdaga árið 1921 og stóð á milli Ólafs Friðrikssonar og félaga hans annars vegar og ríkisvaldsins með lögregluna í broddi fylkingar og ýmsa borgara sér til aðstoðar hins vegar. Ólafur Friðriksson var ritstjóri *Alþýðublaðsins* og hafði starfað í *Alþýðusambandinu* frá stofnun þess. Hann hallaðist að kommúnisma á þessum tíma og var annar tveggja íslenskra gesta á þingi Komintern, *Alþjóðasambands kommúnista*, í Moskvu árið 1921. Þegar hann sneri heim var í för með honum rússneskur piltur, Nathan Friedmann að nafni, sem hafði verið á vergangi í Moskvu en Ólafur hugðist, ásamt Önnu konu sinni, taka hann í föstur.⁵⁶ Skömmu eftir komuna til Íslands var pilturinn greindur með trachoma, smitandi augnsjúkdóm. Þar sem sjúkdómurinn hafði aldrei áður greinst á Íslandi mælti augnlæknir með því að yfirvöld gripu til viðeigandi laga um eftirlit með útlendingum og sendu drenginn úr landi. Yfirvöld tilkynntu Ólafi í kjölfarið að Nathan skyldi sendur til Danmerkur með skipinu *Botníu* þann 18. nóvember. Þau buðust jafnframt til þess að greiða piltinum einhverjar bætur svo hann stæði ekki uppi allslaus í Danmörku.

Ólafur Friðriksson taldi ákvörðunina vera sprotna af pólitískum hvötum fremur en lýðheilsulegum og svaraði því til að pilturinn yrði ekki látinn mótþróaust af hendi. Hann hóf því næst liðssöfnun meðal félaga sinna, en von var á lögreglunni að sækja Nathan um hádegisbil þann 17. nóvember. Er hana bar að garði hafði töluverður mannfjöldi safnast saman við hús Ólafs við Suðurgötuna í Reykjavík, ýmist af stuðningi

⁵⁵ „Gylfi“, „Lögregluljóð“, bls. 65. Gylfi mun hafa verið höfundarnafn Guðna Eyjólfssonar kyndara. Sjá *Réttvísing gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. XLI.

⁵⁶ Þór Whitehead telur reyndar að áhugi Ólafs á því að nýta tungumálakunnáttu pilsins í bréfaskriftir við yfirvöld kommúnista í Moskvu hafi ráðið gjörðum hans í meira mæli en samúð hans með föðurlausum pilti. Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 43-44.

við Ólaf eða forvitni.⁵⁷ Þegar þeim lögregluþjónum sem fyrst höfðu verið sendir á staðinn sýndist ljóst að pilturinn yrði ekki afhentur með friði höfðu þeir samband við lögreglustjórann, Jón Hermannsson. Jón fékk þá slökkviliðsstjórann og Axel Tulinius, forstjóra Sjóvátryggingafélagsins, skátaforingja og fyrrverandi lögreglustjóra, til að safna liði lögreglunni til aðstoðar, og söfnuðu þeir um 65 manns sem slógust í för með lögreglunni. Voru það einkum menn úr slökkviliðinu og hinu nýstofnaða Skotfélagi, þar sem Axel Tulinius var æfingastjóri.⁵⁸ Líklegt er að það hafi verið Jón Magnússon dómsmálaráðherra fremur en lögreglustjóri sem tók þessa ákvörðun um liðssöfnuð.⁵⁹ Þegar lögregluliðið kom öðru sinni að húsi Ólafs brutu þeir sér leið inn, fundu Nathan Friedmann í felum og höfðu hann með sér út. Þar réðist liðssöfnuður Ólafs að þeim og bardagi braust út milli þeirra og lögreglunnar. Lögreglan var vopnuð kylfum en lið Ólafs spýtum og öðru lauslegu. Bardaganum lyktaði með því að lið Ólafs náði piltinum af lögreglumönnum og flutti hann aftur inn í húsið. Hið dágóða varalið sem safnað hafði verið fékk að eigin sögn aldrei skipun frá lögreglunni um aðstoð og hafðist því lítt að. Loks sá lögreglustjóri sæng sína upp reidda og gafst upp á frekari tilraunum við að ná drengnum í það skiptið, en Botnía sigldi án hans síðar um daginn.⁶⁰

Tók nú við undirbúningur fyrir frekari átök í herbúðum beggja aðila. Í húsi Ólafs Friðrikssonar voru menn skráðir í skipulögð varðlið honum til varnar. Stjórn Alþýðusambandsins samþykkti þó yfirlýsingu þess efnis að hún liti á deilur Ólafs við yfirvöld sem einkamál hans en ekki flokksmál og vildi því ekki skipta sér af því.⁶¹ Á sama tíma fór fram liðssöfnun á vegum stjórnvalda, ekki síst meðal verslunarmanna og íþróttamanna, og taldi liðið að lokum nokkur hundruð manns. Óánægja hafði ríkt meðal yfirvalda og varaliðsins með frammistöðu lögreglunnar þann 18. nóvember undir stjórn Jóns Hermannssonar og var nú í flýti skipaður aðstoðarlögreglustjóri sem fara skyldi fyrir varaliðinu nýja, en það var Jóhann P. Jónsson, skipstjóri björgunarskipsins Þórs og fyrrum liðsforingi í sjóher Dana. Þessi skipun fór flauturslega fram og var hvorki birt í *Stjórnartíðindum* né *Lögbirtingablaðinu*,⁶² en Jóhann tók treglega að sér verkið fyrir þrábeidni stjórnvalda eftir að aðrir höfðu neitað því.⁶³ Voru sumir kvaddir bréflaga í

⁵⁷ Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 13-27.

⁵⁸ *Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. 75-77.

⁵⁹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 27.

⁶⁰ *Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni*, t.d. bls. 24-25, Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 27-31.

⁶¹ Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 34-41.

⁶² Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 124, Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 34.

⁶³ *Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. XLV-XLVI.

varaliðið en aðrir urðu meðlimir þess fyrir beiðni vina sinna og kunningja.⁶⁴ Símanum heima hjá Ólafi Friðrikssyni var lokað tímabundið og hann jafnvel hleraður.⁶⁵ Yfirvöld gengu svo langt að biðja áhöfn danska varðskipsins Islands Falk, sem lá við festar í Reykjavíkurbær, að manna byssur skipsins vegna átakanna í bænum.⁶⁶ Iðnó var lagt undir höfuðstöðvar varaliðsins, sem taldi 400-500 manns og var vandlega skipulagt að hermanna sið, en í Gúttó var sett upp sjúkraaðstaða með hjúkrunargögnum, umbúðum og börum. Vopnaðir verðir voru víðs vegar um bæinn, til dæmis við banka og skotvopnaverslanir, og sums staðar var umferð bönnuð. Varalögrelumennirnir voru einkenndir með hvítum borða um handlegginn.⁶⁷

Hinn 23. nóvember lét filefld lögregla undir stjórn hins nýskipaða aðstoðarlögrelustjóra til skarar skriða. Liðinu var skipt upp í sveitir sem ýmist fóru með Jóhanni P. Jónssyni í Suðurgötuna til Ólafs eða biðu við Hegningarhúsið til að taka á móti föngunum og varna því að reynt yrði að frelsa þá úr þrisundinni.⁶⁸ Nokkur átök urðu á heimili Ólafs sem lyktaði með því að Ólafur og menn hans voru handteknir og færðir í hegningarhúsið við Skólavörðustíg en Anna kona hans og Nathan Friedmann, sem einnig voru handtekin, voru færð í Franska spítalann við Lindargötu.⁶⁹

Tveimur dögum síðar birtist tilkynning í blöðunum frá Jóhanni P. Jónssyni þess efnis að sú skipun er borgarar bæjarins hefðu fengið til að aðstoða lögregluna væri nú numin úr gildi.⁷⁰ Hvíta stríðið hafði þó nokkur eftirköst fyrir suma af þeim sjálfboðaliðum og tilkvöddu borgurum sem gengið höfðu í varaliðið. Nokkrir Reykjavíkurborgarmenn þurftu að þola það að menn tækju sér stöðu fyrir framan búðardyrnar og hvettu aðvífandi fólk til að versla ekki við búðina⁷¹ og verkalýðsfélögin tóku sérstaklega til umræðu hvaða refsingum skyldi beita þá meðlimi sem viðriðnir hefðu verið „hvítu hersveitina“.⁷²

Flestum mönnum Ólafs var sleppt fljótlega úr fangelsinu, Ólafi sjálfum síðast hinn 30. nóvember. Nathan Friedmann hafði þá verið sendur til Danmerkur með Gullfossi og fluttur á danskt sjúkrahús. Hann náði síðar fullri heilsu og kom meðal

⁶⁴ Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni, bls. XXIV, Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 38, Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 91-92.

⁶⁵ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 31-32.

⁶⁶ Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni, bls. XV.

⁶⁷ Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni, bls. XVI, Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 42-43, Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 34-38.

⁶⁸ Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 92-94.

⁶⁹ Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni, bls. L, Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 45-47.

⁷⁰ *Morgunblaðið* og *Alþýðublaðið* 25. nóvember 1921.

⁷¹ Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 99.

⁷² Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni, bls. XXIII-XXV.

annars í heimsókn til Íslands árið 1931, þá orðinn franskur ríkisborgari.⁷³ Í febrúar 1922 voru Ólafur og nokkrir menn hans dæmdir til fangelsisvistar fyrir mótþróann, Ólafur lengst í 30 daga fangelsi. Þeir töpuðu málinu einnig fyrir Hæstarétti, en voru síðan náðaðir af konungi eftir tillögu frá Sigurði Eggerz forsætisráðherra sumarið 1922.⁷⁴

2.2 Sóttvarnir eða pólitík?

Menn hafa ekki verið á eitt sáttir um það hvort átök Ólafs Friðrikssonar og íslenskra stjórnvalda hafi verið sprottin af sóttvarnaáhyggjum yfirvalda eða af andúð þeirra á og ótta við stjórnmalaskoðanir Ólafs. Sjálfur sagði Nathan Friedmann „það er pólitík“ þegar fólk spurði hvað væri að honum í augunum.⁷⁵

Trachoma er smitandi sjúkdómur og getur valdið blindu ef hann fær ekki meðhöndlun. Árið 1921 voru aðeins þrjú ár síðan spænska veikin herjaði á landsmenn með miklu mannfalli. Aftur á móti er það sérstakt að þrátt fyrir ákvörðun stjórnvalda um að senda Nathan utan sökum smithættu var hann aldrei settur í sóttkví og engar tilraunir gerðar til að hefja samneyti hans við fólk fyrr en hann var fangelsaður, þótt Þór Whitehead bendi á að það hefði varla verið auðvelt miðað við mótstöðu Ólafs.⁷⁶

Það er líklegt að í umstanginu kringum Nathan Friedman hafi hvort tveggja sóttvarnaráhyggjur og pólitík átt hlut að máli. Hendrik Ottósson, félagi Ólafs, er sammála því mati Ólafs að ekki hefði verið gripið til svo harðra ráðstafana ef um mann vilhallan stjórninni hefði verið að ræða. Aftur á móti viðurkennir hann að Ólafur hafi verið þrjóskur og ósáttfús í samningaviðræðunum sem áttu sér stað við upphaf málsins.⁷⁷ Guðbrandur Jónsson kennir fámenni og vanbúnaði Reykjavíkurlögreglunnar um það hversu umfangsmikið málið varð, en árið 1921 voru þrettán lögregluþjónar í bænum. „Reykvíkingar og lögreglan voru [...] óvön slíku, og varð það til þess, að til að ljúka málinu voru hafðir tilburðir, sem voru tilefninu alveg ofviða. Það voru því þessir tilburðir, frekar en tilefnið sjálft, sem setti svipinn á málið.“⁷⁸ Í öðrum heimildum kemur fram að lögreglan hafi beinlínis gengið ófús til þess að handsama hágrátandi piltinn 18. nóvember, sumir lögregluþjónanna og jafnvel lögreglustjórinn sjálfur,⁷⁹ og er það líkleg

⁷³ *Réttvísingegen Ólafi Friðrikssyni*, bls. LI-LVIII.

⁷⁴ *Réttvísingegen Ólafi Friðrikssyni*, bls. 84-128.

⁷⁵ *Réttvísingegen Ólafi Friðrikssyni*, bls. LI.

⁷⁶ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 36.

⁷⁷ Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 20-23. Sjá einnig Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 30.

⁷⁸ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 125-126.

⁷⁹ *Réttvísingegen Ólafi Friðrikssyni*, bls. XLVI, Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*, bls. 25-27.

skýring á því hversu erfiðlega það gekk þótt lögreglan hafi verið betur vopnuð en andstæðingarnir og haft á bak við sig allt að 60 manna aukaliðsafla. Þetta er sú túlkun sem verjandi Ólafs við réttarhöldin yfir honum 1922 hélt fram.⁸⁰ Þór Whitehead orðar það svo að Ólafi Friðrikssyni hafi þarna „tekist að skapa vantraust á milli lögreglunnar og yfirvalda með málflutningi sínum“⁸¹ en það má deila um það hvort málflutningur Ólafs eða aðgerðir yfirvalda eigi þar meiri sök. Sumir vildu kenna um vanhæfni Jóns Hermannssonar lögreglustjóra og skipulagsleysi liðsins undir hans stjórn,⁸² sem líklega hefur haft eitthvað að gera með tregðu hans til að framfylgja handtökunni, og hin bráða skipun Jóhanns P. Jónssonar í embætti aðstoðarlögreglustjóra bendir til þess að yfirvöld hafi verið á sama máli.

Eftir fyrri viðureign Ólafs og lögreglunnar var loft lævi blandið og það virðist sem stjórnvöld og allavega sumir liðsmanna þeirra hafi haldið að Ólafur ætlaði ekki aðeins að varna því að föðurlaus piltur yrði sendur gegn vilja sínum til útlanda heldur hreinlega að taka völdin í bænum að bolsévika sið.⁸³ Vilhjálmur Finsen, stofnandi *Morgunblaðsins* og þáverandi fréttaritari norska blaðsins *Tidens Tegn*, fullyrti að „uppreisn bolsévíkanna“ hefði verið gerð „að ósvikinni rússneskri fyrirmynd“.⁸⁴ Persónuleg velgengni Ólafs í verkalyðshreyfingunni og velgengni bolsévika við valdatökuna í Rússlandi, skrifar Björn Steffensen, einn varalögreglumanna, „hefur gefið Ólafi „blod på tanden“. Og hér sá hann einmitt tækifæri til að prófa hvernig almenningur og stjórnvöld brygðust við, ef hann sýndi dálitla tilburði í þá átt að taka lögin í sínar hendur.“ Stjórnvöld hafi hins vegar áttað sig í tíma á raunverulegum fyrirætlunum Ólafs „og stöðvuðu þessa æfingu með miklu brambolti“.⁸⁵ Þór Whitehead telur ótta stjórnvalda eðlilegan í ljósi tengsla Ólafs við kommúnistastjórnina í Moskvu, og að það boði afturhvarf til þjóðveldistímans að menn ákveði sjálfir hvaða lögum þeir hlýða og hver þeir brjóti með liðssafnaði og valdi.⁸⁶ Þessi samanburður við þjóðveldið er ekki nýr af nálinni eins og sjá má í kaflanum um varalögreglufrumvarpið hér á eftir.

Eitt er ljóst af þessum hvítastríðsdögum í Reykjavík og það er að línur pólitískrar skiptingar tóku nú mið af öðru en baráttunni um aðskilnað frá Dönum. Sigurbjörn Þorkelsson varð steinhissa þegar hann sé félagi sína úr Sjálfstæðisflokknum

⁸⁰ *Réttvísni gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. 106.

⁸¹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 35-36.

⁸² Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 90-92.

⁸³ *Réttvísni gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. XIII-XIX.

⁸⁴ *Réttvísni gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. XXII.

⁸⁵ Björn Steffensen, „Virkið í Suðurgötu“.

⁸⁶ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 38-41.

gamla í járnum við hlið Ólafs⁸⁷ og þeir sem áður höfðu ögrað skipstjóra danska varðskipsins Islands Falk með því að flagga íslenskum skipsfána leituðu nú á náðir þeirrar sömu skiphafnar, að manna byssur sínar íslenska ríkisvaldinu til varnar.⁸⁸

Í *Lögreglunni á Íslandi* segir um hvíta stríðið að ekki sé ólíklegt að „viss tregða hinna venjulegu lögreglumanna til svo harkalegra aðgerða hafi ýtt undir að sérstök sveit undir annarri stjórn var stofnuð og ætluð til harðari aðgerða“.⁸⁹ Þar er vísað til þess þingfrumvarps sem hvíta stríðið, frammar öðru, hafði áhrif á að lagt var fram á Alþingi.

2.3 Varalögregla og ríkislögregla

Allt frá því hann var skipaður lögreglustjóri árið 1918 reyndi Jón Hermannsson að fá því framgengt að fjölgað væri í Reykjavíkurlögreglunni en það gekk hægt að fá það samþykkt í bæjarstjórninni, sem hefði þurft að standa straum af kostnaðinum. Lögregluþjónum var fjölgað úr 13 í 15 árið 1923 og sú tala stóð óbreytt út 3. áratuginn. Það þýddi að einn lögreglumaður var á hverja 1350-1750 íbúa, en til viðmiðunar má nefna að í lögreglufrumvarpinu sem samþykkt var 1933 var gert ráð fyrir einum lögregluþjóni á hverja 700 íbúa í þéttbýli.⁹⁰

Jón Magnússon var forsætis- og dómsmálaráðherra fyrir Heimastjórnarflokkinn meðan hvíta stríðið stóð yfir og var því í forsvari fyrir stjórnvöld í þeim átökum. Hann hvarf frá völdum tæpu hálfu ári síðar og ríkisstjórn Sigurðar Eggerz tók við, en þegar hún fór frá í mars 1924 settist Jón Magnússon aftur í stól forsætisráðherra, í þetta sinn fyrir Íhaldsflokkinn.⁹¹ Þá var stutt í það að þingi yrði slitið en skömmu fyrir þinglok var lagt fram frumvarp um varalögreglu í allsherjarnefnd neðri deildar, sem ekki var tekið á dagskrá,⁹² en var málið þó nokkuð rætt í blöðunum.⁹³ Samkvæmt Guðbrandi Jónssyni var frumvarpið frá Jóni Magnússyni komið en það var of síðla þings til að flytja stjórnarfrumvörp og engin þeirra nefnda sem hann nálgadist vildi flytja frumvarpið fyrir hann.⁹⁴ Reyndar gáfu Alþýðuflokksmenn í skyn að Jóni hefði verið óljúft að flytja

⁸⁷ Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 97.

⁸⁸ *Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni*, bls. XV.

⁸⁹ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, 215.

⁹⁰ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 125-126.

⁹¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 121-122.

⁹² *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1119.

⁹³ Sjá t.d. *Alþýðublaðið* 1. maí, *Morgunblaðið* 7. maí og *Vísir* 7. júlí 1924.

⁹⁴ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 126-127.

frumvarpið, það hafi í raun verið runnið undan rifjum ofstækisfullra stuðningsmanna Íhaldsflokksins.⁹⁵

Hvað sem því líður flutti Jón Magnússon í febrúar 1925 stjórnarfrumvarp um íslenska varalögreglu. Í frumvarpinu var kveðið á um að landstjórninni skyldi heimilt að „koma á fót sveit varalögreglumanna í hverjum kaupstaða landsins, - eftir því er við verður komið, - til þess að vera til taks lögreglustjóra til aðstoðar, er nauðsyn krefur“.⁹⁶ Öllum karlmönnum milli tvítugs og fimmtugs yrði skylt að ganga í varalögreglusveitina í sínum kaupstað án þóknunar, en við því að hlaupast undan skyldunni mátti beita sektum eða fangelsi. Í greinargerð við frumvarpið sagði að íslenska framkvæmdavaldinu hefði frá upphafi verið ábótavant og sanngjarnt væri að ríkið taki þátt í því ásamt kaupstöðunum að efla löggæsluna á sem kostnaðarminnstan hátt. Ráðherra skyldi skipa forstöðumenn varalögreglunnar að tillögu lögreglustjóra en forstöðumennirnir síðan sjá um að kveðja til hina almennu varalögreglumenn.⁹⁷

Áður en lengra er haldið er við hæfi að segja nokkur orð um muninn á varalögreglu og ríkislögreglu. Þegar hugmyndin að efni ritgerðarinnar kviknaði fyrst snerist hún um að rannsaka aðdragandann að stofnun *ríkislögreglu* á Íslandi, það er sérstaks lögregluliðs sem gekk erinda ríkisvaldsins í stað bæjarlögreglunnar áður. Síðan stakk hins vegar annað fyrirbæri, *varalögreglan*, upp kollinum, og það reyndist þrautin þyngri að greina þar á milli, enda virtist sem þessi varalögregla væri að mörgu leyti það sem málið snerist um. Ríkislögreglan sem stofnuð var á Íslandi og kveðið er á um með því nafni í lögreglulögunum frá 1933 var í rauninni ekki nema einn sjötti hluti Reykjavíkurlögreglunnar. Þessi litli hópur lögreglumanna sinnti tilfallandi verkefnum á vegum ríkisins, sem eðlilegt var að ríkisvaldið greiddi fyrir, og var meðal annars vísir að rannsóknarlögreglu. Lögregluþjónar bæjarfélaganna höfðu áður þurft að ganga í slík störf án sérstakrar þóknunar og töluverð óánægja hlotist af því. Það var fjarri því að þetta lið væri neins konar burðugur bakhjarl ríkisvaldsins á óróatímum.⁹⁸

Það sem deilurnar um lögreglumálin á 3. og 4. áratug 20. aldar snerust um að langmestu leyti var *varalögreglan*, sem fyrrnefnt frumvarp Jóns Magnússonar frá 1925 fjallaði um og sem var einnig hluti af því frumvarpi sem samþykkt var árið 1933; fast aukalið vopnaðra lögreglumanna á vegum ríkisins sem lagði almennri lögreglu bæjanna lið á álagsstundum. Þetta lögreglulið var formlega kallað varalögregla og kemur fram

⁹⁵ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1119, *Alþýðublaðið*, 4. febrúar 1925 og 2. mars 1931.

⁹⁶ *Alþingistíðindi* 1925 A, bls. 180.

⁹⁷ *Alþingistíðindi* 1925 A, bls. 180-183.

⁹⁸ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 144-145.

undir því nafni í frumvörpunum tveimur, en í almennri umræðu, í blöðunum og á þinginu, var hún jöfnum höndum kölluð varalögregla og ríkislögregla og þessu tvennu því iðulega slegið saman. Það má segja að titillinn ríkislögregla hafi náð yfir tvö ólík fyrirbæri á þessum tíma, annars vegar smáan hóp lögreglumanna sem voru embættismenn ríkisins en hins vegar stærra fastalið vopnaðra varalögreglumanna sem liðsinntu lögregluliði bæjanna við að kveða niður uppþot eða árásir. *Ríkislögreglan* er því enn til staðar í yfirskrift ritgerðarinnar, þar sem málið snýst sannarlega um lögreglulið á vegum ríkisins, en lesendur skyldu hafa í huga að umdeildasti þáttur hennar er sá sem kallaður er varalögregla.

Það var auðvitað varalögregla sem kölluð var út í hvíta stríðinu, fyrst í formi handahófskennds aðstoðarliðs sem aldrei fékk skipanir um að grípa inn í en síðan í skipulögðum vopnuðum bráðabirgðasveitum sem voru leystar upp á eftir. Menn greindi á um hvort heimild væri fyrir slíkum liðssöfnuði í lögum. Í áður nefndu erindisbréfi fyrir lögregluþjóna í Reykjavík segir að lögreglumönnum sé „heimilt, ef á þarf að halda, að kveðja sér til aðstoðar hvern þann, er þeir ná til, til þess að hindra lagabrot, eða bæla niður óspektir og mótþróa“.⁹⁹ Sumir vildu túlka þetta ákvæði svo að lögreglumenn gætu kvatt viðstadda til liðs við sig á götum úti ef aðstoðar væri þörf en aðrir að lögreglan gæti í raun safnað liði skipulega og undirbúið sig þannig undir möguleg átök. Þannig svöruðu sumir andstæðingar varalögreglufrumvarpsins 1925 því með þeim rökum að í lögreglusamþykktum flestra kaupstaða hefði lögreglan þegar heimild til að kveðja borgarana til liðs við sig og ekki væri ástæða til að setja sérstök lög um slíkan liðssöfnuð.¹⁰⁰ Þess má enda geta að hvíta stríðið var ekki eina tilvikið þar sem lögreglan hafði kvatt sér vinveitta borgara óformlega til aðstoðar; það var til dæmis gert sumarið 1921 þegar Kristján konungur tíundi sótti Ísland heim, til að koma í veg fyrir troðning í Dómkirkjunni þegar hann sótti þar messu.¹⁰¹ Á Siglufirði höfðu lögregluþjónar stundum sérmerkta sjálfboðaliða sér til aðstoðar þegar aðkomumenn voru margir og drykkjulæti voru í bænum¹⁰² og hefur það vafalaust tíðkast víðar í einhverri mynd án þess að það þætti tiltökumál.

Varalögreglufrumvarpi Jóns Magnússonar var ekki sérlega vel tekið á þingi og var aldrei samþykkt. Umræðurnar um það eru á margan hátt athyglisverðar og áhugavert

⁹⁹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 101.

¹⁰⁰ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 683-684.

¹⁰¹ Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa*, bls. 233-236.

¹⁰² „Viðtal við Gunnar Jónsson, fyrrv. lögregluþjón“, bls. 15.

að bera þær saman við umræðurnar um lögreglufrumvarpið sem lagt var fram og samþykkt átta árum síðar.¹⁰³

2.4 Varalögreglufrumvarpið

Það er augljóst að kveikjan að varalögreglufrumvarpinu 1925 var aukin stéttaátök. Þar bar hvíta stríðið að sjálfsögðu hæst, þótt ekki hafi það beinlínis snúist um átök verkamanna við vinnuveitendur, en harðar kaupdeilur höfðu líka átt sér stað, til dæmis Blöndahlsslagurinn svokallaði árið 1923 sem var kaupdeila sjómanna við útgerðarmenn og þar sem lögreglan kvaddi menn til aðstoðar rétt eins og í hvíta stríðinu.¹⁰⁴

Á þessum tíma voru þrír stærstu flokkarnir á Alþingi Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Íhaldsflokkurinn, sem var undanfari Sjálfstæðisflokksins. Alþýðuflokkurinn með Jón Baldvinsson í broddi fylkingar lagðist harðast gegn frumvarpinu en framsóknarmenn voru þeim yfirleitt sammála. Andstæðingar frumvarpsins gagnrýndu rúmar heimildir stjórnarinnar til liðssöfnunar, en Jón Magnússon dró heldur úr þeim í málflutningi sínum í umræðunum og lýsti því yfir að það nægði að hafa varalögreglu í Reykjavík og á Siglufirði.¹⁰⁵ Andstaða alþýðuflokks- og framsóknarmanna byggðist þó einkum á því að frumvarpinu væri stefnt gegn verkalyðsstéttinni í kaupdeilum. Þeir gættu þess að taka fram að þeir væru í sjálfu sér ekki á móti eflingu löggæslunnar en vildu að hún yrði fremur eflid í því horfi sem hún var, sem staðbundin bæjalögregla. Framsóknarmaðurinn Magnús Torfason, sem sjálfur var sýslumaður í Árnessýslu og þar af leiðandi lögreglustjóri þar, kvaðst hafa margbeðið um efla löggæslu en talað fyrir daufum eyrum. „Varalögreglan á að vera gegn pólitískum brotamönnum, en ekki daglegum lögbrjótum“, sagði hann.¹⁰⁶

Stuðningsmenn frumvarpsins vildu almennt ekki gangast við því að því væri beint gegn verkamönnum í kaupdeilum. Það væri í rauninni móðgun við verkamenn að halda því fram að þeir yrðu frekar fyrir barðinu á lögreglunni, sögðu þeir, því þar með væri verið að gefa í skyn að þeir væru ólöghlýðnari en annað fólk. Þegar andstæðingar Jóns Magnússonar bentu honum á á að öll dæmi sem hann hefði tekið af fámenni lögreglunnar hefðu snúist um stéttadeilur neitaði hann því hins vegar ekki. Sýn hans á þessi afskipti lögreglunnar var einfaldlega önnur. Þær aðstæður gátu vissulega komið

¹⁰³ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 657-881.

¹⁰⁴ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 64-65.

¹⁰⁵ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 661.

¹⁰⁶ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 757.

upp að lögreglan þyrfti að skipta sér af kaupgjaldsdeilum og vernda annan hvorn aðilann en það væri ekki byggt á neinni hlutdrægni: „Og þótt það sje vel skiljanlegt, að sjómenn, og aðrir, sem líkt stendur á fyrir, verði gramir, er kaupkröfur, sem þeir álíta sanngjarnar og hinar lægstu, er þeir geta unað við, ná ekki fram að ganga, vegna þess, að aðrir undirbjóða þá, má þeim ekki leyfast að rjúfa friðinn, þann frið, sem er ríkisvaldsins fyrsta og fremsta skylda að vernda.“¹⁰⁷ Í skilningi Jóns var ríkið einfaldlega hlutlaus aðili sem verndaði jafnt rétt allra þegna sinna. Jón Þorláksson, fjármálaráðherra og flokksbróðir Jóns Magnússonar, lýsti svipuðu viðhorfi. Það væri ekki hlutverk ríkisins að blanda sér í kaupdeilur „en sjeu einhverjir menn, er þykjast órjetti beittir – og það kemur í sama stað, af hverju slíkt stafar – þá verður lögreglustjórn að hindra það, að nokkur maður geti tekið það, sem hann telur rjett sinn, sjálfur með ofbeldi“.¹⁰⁸ Hann taldi ennfremur óeðlilegt yfirhöfuð að löggæsla í landinu væri sveitarstjórnarmál eins og andstæðingar frumvarpsins gerðu ráð fyrir.¹⁰⁹

Andstæðingar frumvarpsins minntu á að þegar væri heimild í lögum fyrir aukaliðssöfnun lögreglunnar; lögreglumenn gætu kvatt borgarana til liðs við sig. Íhaldsmenn svöruðu því til að reynslan sýndi að þegar slíkt væri gert óskipulega og tilviljanakennt yrðu þeir borgarar sem brygðust við beiðninni fyrir aðkasti, þeir væru reknir úr verkalyðsfélögum, og yrðu því tregir til að aðstoða lögregluna. Það tæki of langan tíma að smala mönnum handahófskennt saman þegar eitthvað kæmi upp á og þeir væru aukinheldur óþjálfaðir til slíkra starfa. Betra væri að slík aðstoð væri veitt af skipulögðu liði með embættisskyldu. Þessari skoðun lýsti meðal annars íhaldsflokksmaðurinn Jón Kjartansson en hann var fulltrúi lögreglustjóra þegar hvíta stríðið átti sér stað og þekkti því slíka liðssöfnun af eigin raun, auk þess sem hann neyddist til að verja sig á þingi fyrir þeim sem litu svo á að vanhæfni hans og Jóns Hermannssonar í hvíta stríðinu hefði átt þar mesta sök.¹¹⁰

Í rauninni voru flestir sammála um það að löggæsluna þyrfti að efla með einhverjum ráðum en ekki um það með hvaða ráðum, né heldur hvort hvíta stríðið hefði gefið tilefni til sérstakrar varalögreglu.

¹⁰⁷ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 713-714.

¹⁰⁸ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 776.

¹⁰⁹ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 740.

¹¹⁰ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 695-698.

2.5 Herskylda og heimavarnarlið?

Einn meginmunurinn á lögreglufrumvörpunum sem lögð voru fram árin 1925 og 1933 var að það seinna gerði ráð fyrir faglega völdum varalögreglumönnum en í því fyrri var mjög víðtækt ákvæði um þegnskyldu í varalögregluna, sem gildi um alla karlmenn milli tvítugs og fimmtugs. Svipaðar hugmyndir komu fram í umræðunum árið 1933 en náðu ekki inn í frumvarpið áður en það var samþykkt. Í báðum tilvikum líktu andstæðingar þegnskyldunnar henni við herkvaðningu; minnt var á að þjóðin hefði þegar hafnað þegnskylduvinnu í þjóðaratkvæðagreiðslu, og mátti af því ráða að þetta fyrirkomulag hentaði ekki hér á landi.¹¹¹ Stuðningsmenn ákvæðisins neituðu því að verið væri að stofna íslenskan her, en hins vegar virðist sem sumir þeirra hafi árið 1925 ekki verið algjörlega fráhverfir samanburðinum þótt heimavarnarlið sé kannski nákvæmara nafn á slíkan söfnuð. Bjarni Jónsson frá Vogu, þingmaður Sjálfstæðisflokksins gamla, var til dæmis heitur stuðningsmaður varalögreglunnar á landvarnarforsendum. Hann brá fyrir sig gamalkunnugri sögutúlkun og sagði Ísland hafa misst sjálfstæði sitt vegna skorts á ríkislögreglu, það er að segja vegna þess að framkvæmdavaldið vantaði. Útlendingar gætu þess vegna tekið yfir landið með fámennu og illa vopnuðu liði. Ekki kvartaði neinn yfir því þegar strandgæslu var komið á, sagði Bjarni, eða hélt því fram að hún ætti að berja á íslenskum sjómönnum.¹¹² Það er reyndar ekki alveg rétt, því það urðu einmitt tölurverð mótmæli á þingi þegar íslensk strandgæsla var rædd þar í fyrsta skipti á síðari hluta 19. aldar. Það var ekki vegna þess að berja ætti á íslenskum sjómönnum – strandgæslan átti augljóslega að beinast gegn ágangi erlendra sjómanna – heldur vegna þess að sumum þingmönnum þótti hernaðarblær á hugmyndunum.¹¹³ Það er athyglisvert að bera saman sögutúlkun Bjarna Jónssonar, sem taldi skort á framkvæmdavaldi hafa svipt landið sjálfstæði sínu, og Jóns Baldvinssonar alþýðuflokksmanns, sem leit þvert á móti svo á að það hefði verið „vopnaburður og hermenska forfeðra vorra“ sem þar bar sökina; þeir voru alltént sammála um að sjálfstæðissirinn mætti ekki endurtaka sig!¹¹⁴

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem aukið lið vegna landvarna hafði verið rætt eða kallað til á Íslandi. Á 18. öld komu fyrst fram hugmyndir um íslenskt heimavarnarlið, en fram að því hafði Danakonungur lengstum reynt að halda Íslendingum vopnlausum til

¹¹¹ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 849.

¹¹² *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 834.

¹¹³ Þróstur Sverrisson, „Að verna land vort voða frá og vondum ránaskap“, bls. 51-54.

¹¹⁴ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 682.

að minnka hættuna á mótspyrnu.¹¹⁵ Árið 1809 skipaði Frydensberg bæjarfógeti öllum karlmönnum í Reykjavík að gerast næturverðir til skiptis þegar breskt skip lá við höfn í miðjum ófriði Dana og Breta, og stóð þessi aukanátturvarsla í fáeina mánuði.¹¹⁶ Kringum þjóðfundinn 1851 sendu dönsk yfirvöld flokk danskra sjóliða til Reykjavíkur og þótt þingmenn fundarins og bæjarbúar væru mishrífir af uppátækinu var bæjarfógetinn hæstánægður með nærveru liðsins og taldi fulla ástæðu til að hafa fastan varðflokk í Reykjavík, ekki síst vegna aukinna skipakoma erlendis frá.¹¹⁷ Um miðja 19. öld stakk fjárlaganefnd danska þingsins síðan upp á því að Íslendingar legðu til menn í danska sjóherinn. Sú hugmynd varð ekki að veruleika vegna andstöðu Íslendinga, en það var þeim mjög á móti skapi að íslenskir piltar gengju í danska herinn. Hér má sjá merki um þá þróun sem rakin er í fyrri kafla; danska þjóðríkið varð æ samræmdara en Íslendingar spyrntu við fótum á þeim forsendum að þeir hefðu ævinlega átt í persónulegum tengslum við konunginn og gengist undir skuldbindingar við hann en ekki við dönsku þjóðina. Þessum rökum beittu þeir jafnvel þótt þeir kvörtuðu á sama tíma undan dugleysi Dana við að verja landið.

Þeir voru aftur á móti ekki jafn mótfallnir stofnun íslensks heimavarnarliðs. Slíkt lið var raunar stofnað í Vestmannaeyjum um miðja 19. öld og starfaði í 20 ár. Hlutverk þess var að verja eyjarnar fyrir ágangi útlendinga, efla þrek manna með líkamsæfingum og styrkja framkvæmdavaldið. Þær raddir heyrðust sem vildu koma á fót svipuðu liði í Reykjavík, og í Stykkishólmi gerðu nokkrir betri borgarar árangurslausu tilraun til þess. Skotfélög voru stofnuð víða um land um svipað leyti, að danskri fyrirmynd. Samkvæmt Þresti Sverrissyni voru dönsku félögin eins konar sambland ungmennafélaga og heimavarnarliða en íslensku félögin sennilega friðsamlegri í anda.¹¹⁸ Þó er athyglisvert að stór hluti þeirra borgara sem voru lögreglunni til halds og trausts í hvíta stríðinu voru einmitt félagar í Skotfélagi Reykjavíkur, enda brigslaði *Alþýðublaðið* félaginu um að hafa beinlínis verið stofnað í hvítliðatilgangi og þar á bæ hafi menn tekið það upp hjá sjálfum sér að safna liði lögreglunni til aðstoðar.¹¹⁹

Aðskilnaður Íslands og Danmerkur vakti óhjákvæmilega umræður um fyrirkomulagið á vörnum landsins og deilurnar um uppkastið svokallaða árið 1908 snerust ekki síst um landvarnir. Deilt var um hvort Ísland hefði hag af því að Danir sæju

¹¹⁵ Þróstur Sverrisson, „„Að verna land vort voða frá og vondum ránaskap““, bls. 8-14.

¹¹⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 89-90.

¹¹⁷ Þróstur Sverrisson, „„Að verna land vort voða frá og vondum ránaskap““, bls. 24-28.

¹¹⁸ Þróstur Sverrisson, „„Að verna land vort voða frá og vondum ránaskap““, bls. 37-59.

¹¹⁹ *Alþýðublaðið* 24. nóvember 1921.

um varnir landsins, enda gæti slíkt samband komið Íslendingum illa ef Danir legðu út í stríð. Margir vildu treysta á vernd Breta í stað Dana. Einnig komu fram hugmyndir um vopnaðar sveitir til aðstoðar íslenskri lögreglu.¹²⁰ Þessar deilur sjálfstæðisbaráttunnar bergmáluðu sums staðar í umræðunum um varalögregluna 1925 eins og áður er rakið, en það fór minna fyrir þeim í umræðunum átta árum síðar enda hafði þá mikið vatn runnið til sjávar.

2.6 Örlög varalögreglufrumvarpsins

Að loknum umræðum var varalögreglufrumvarpið sent til allsherjarnefndar, þar sem meirihlutinn hafnaði því en minnihlutinn vildi samþykkja það í breyttri mynd. Meirihlutinn vildi efla löggæslu í landinu en taldi frumvarpið ekki til þess fallið. Ríkið ætti fremur að styrkja bæjarfélögin til þess að efla lögregluna, sérstaklega í þeim verkefnum sem hún tæki að sér fyrir ríkið, en lögreglan hefði nú þegar næga heimild til þess að kveðja borgarana til aðstoðar. Kostnaðurinn við liðið væri of mikill og frumvarpið mjög óvinsælt. Augljóst væri að liðið ætti að gegna sama hlutverki og her hjá öðrum þjóðum. Jón Kjartansson íhaldsflokksmaður mælti fyrir hönd minnihlutans og lagði áherslu á að það væri ríkisins að tryggja réttaröryggi í landinu. Það myndi skila mun færri aukamönnum ef ríkið styrkti bæina til að efla löggæsluna og ekki koma að gagni í sérstökum tilfellum. Lögreglan hefði heimild til að kveðja menn sér til aðstoðar á staðnum en ekki til þess að smala þeim saman.¹²¹

Að lokum var umræðum um frumvarpið frestað og það var ekki tekið á dagskrá framar, þótt íhaldsmenn hafi stundum viðrað slíkar hugmyndir aftur.¹²² Þegar Guðbrandur Jónsson skrifaði sögu lögreglunnar í Reykjavík rúmum áratug síðar var skoðun hans sú að annars vegar þegnskylduákvæðið og hins vegar sjálfstæði varalögreglunnar gagnvart „hinum venjulegu lögregluþyrfdum“ – það er að segja bæjarfélögunum – hefðu gert út af við frumvarpið og skapað því líka andstöðu við slíkar hugmyndir að breytingar á lögreglulögunum hefðu tafist um átta ár. Þegnskyldan væri óíslensk í anda, enda Íslendingar óagaðir einstaklingshyggjumenn, og gæfi þar að auki óvinveittum öflum tækifæri til undirróðurs innan liðsins. Frumvarpið hefði verið

¹²⁰ Þröstur Sverrisson, „Að verna land vort voða frá og vondum ránaskap“, bls. 60-79.

¹²¹ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 846-869.

¹²² *Alþýðublaðið* 23. október 1926.

óvinsælt og fólk talið að hér væri um einkaher yfirvalda gegn verkalýðnum að ræða.¹²³ Það er athyglisvert að Guðbrandur telji það til galla frumvarpsins að það geri ráð fyrir þegnskyldu og því nái það einnig til „undirróðursmanna“, því þessi almenna skylda var einmitt það sem margir stuðningsmenn frumvarpsins notuðu til að reyna að sannfæra andstæðinga sína um það hversu ópólitísk varalögreglan ætti að vera – þar ættu allar stéttir sína fulltrúa. Guðbrandur leit svo á að Jón Magnússon hefði fyrst og fremst ákveðið að flytja frumvarpið af því að bæirnir tregðuðust við að efla lögregluna: „úr því bæjarstjórn Reykjavíkur sýndi málinu tómlæti, yrði ríkisstjórnin að láta það til sín taka“.¹²⁴ Hvað yfirlýsingar Guðbrands um agaleysi Íslendinga varðar má geta þess að margir stuðningsmenn íslensks heimavarnarliðs í gegnum árin hafa einmitt talið að slík starfsemi gæti gert Íslendingum gott og veitt þeim þarfan aga.¹²⁵

Varalögrehugmyndirnar lögðust nú í dvala á þingi en nokkrar smærri breytingar áttu sér stað á lögregluskipulagi landsins næstu árin.

¹²³ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 127-128.

¹²⁴ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 127.

¹²⁵ Þröstur Sverrisson, „Að verja land vort voða frá og vondum ránaskap“, bls. 5-6 og 38.

3. Aðdragandi frumvarps um ríkislögreglu

3.1 Lögreglan á 3. áratugnum og bannlögin

Árið 1928 var sérstakt embætti tollstjóra stofnað sem tók við tollgæslu og opinberri innheimtu af lögreglustjóra, en hann hafði í staðinn á sinni könnu meðferð sakamála og almennra lögreglumála og dómsvald í þeim málum. Jón Hermannsson lögreglustjóri í Reykjavík tók við starfi tollstjóra, en Hermann Jónasson varð lögreglustjóri í hans stað. Tókst honum að fá því framgengt í bæjarstjórn að fjölgað væri í lögreglulíðinu úr 15 manns í 28, enda maður með töluverð pólitísk ítök.¹²⁶

Allt frá 3. áratugnum og lengi síðan tíðkuðust mikil ólæti á gamlárskvöld í Reykjavík og urðu þá oft átök milli lögreglu og almennings. Þá kallaði lögreglustjóri oftast en einu sinni út „aukavarðmenn“.¹²⁷ Sérstaklega mikill viðbúnaður var í Reykjavík á gamlárskvöld 1930, en þá höfðu nýlega orðið uppþot á bæjarstjórnarfundum og Hermann Jónasson kvatti út ríflega 50 aðstoðarmenn.¹²⁸ Á Alþingishátíðinni 1930 var einnig skipuð sérstök lögreglusveit. Í henni voru um 100 menn og störfuðu undir stjórn sérstaks hátíðarlögreglustjóra, aðallega á Þingvöllum en þeir gripu í verkefni í Reykjavík í samvinnu við bæjarlögregluna þegar með þurfti.¹²⁹

Áfengismálin settu mjög svip sinn á starf lögreglunnar á 3. áratugnum. Ekki einungis þurfti lögreglan gjarnan að hafa afskipti af drukknum mönnum, innlendum sem erlendum, heldur var það í hennar verkahring að framfylgja áfengisbanninu sem gildi á Íslandi frá 1915 til 1935. Bannlögin voru sett eftir að Íslendingar höfðu í þjóðaratkvæðagreiðslu samþykkt algjört aðflutningsbann á áfengi. Bindindisfélög höfðu þá verið starfandi hér á landi í aldarfjórðung að danskri fyrirmynd og haldið uppi áróðri gegn áfengisneyslu með góðum árangri. Áfengisbannið fékk nokkurn skell árið 1921 þegar Íslendingar neyddust til þess að leyfa innflutning spænskra léttvína til að tapa ekki saltfisksölusamningum við Spánverja og í annarri þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1933 hafnaði meirihluti kjósenda áframhaldandi áfengisbanni.¹³⁰

Það voru enda ekki allir á einu máli um ágæti bannlaganna og mörgum þóttu þau ganga nærri einkalífi manna. Höfundar bókarinnar *Lögreglan á Íslandi* telja að þetta

¹²⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 119-133.

¹²⁷ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 143-145.

¹²⁸ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 141.

¹²⁹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 149.

¹³⁰ Arnar Guðmundsson, *Bruggið og bannárin*.

hafi verið í fyrsta skipti sem lögreglan fór „að skipta sér af einkahögum manna í verulegum mæli“.¹³¹ Alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn studdu bannlögin á þeim forsendum að þau héldu áfengisbölinu frá íslenskum heimilum og vildu þá frekar fórna persónulegu vali manna, enda áttu verkalýðshreyfingin og bindindishreyfingin lengi framan af samleið.¹³² Íhaldsmenn litu hins vegar svo á að bannlögin væru gróft brot á rétti einstaklingsins. *Morgunblaðið* rak mikinn áróður gegn bannlögunum; ríkið yrði af miklum tekjum, siðferðisþrek Íslendinga færi minnkandi því enginn virti lögin og menn hlytu þar að auki skaða af því að drekka ólöglegan óþverra.¹³³ Ekki voru þær áhyggjur ástæðulausar því á árunum eftir 1930, þegar kreppan svarf að, létust að minnsta kosti tíu manns eftir neyslu á tréspíra.¹³⁴

Ýmislegt bendir til þess að bannið hafi ekki verið haldið sérlega vel og að menn hafi ekki litið á brot á bannlögunum sem sambærileg við önnur afbrot.¹³⁵ Þetta kemur ágætlega fram í umræðunum um varalögreglufrumvarpið 1925, þegar Magnús Torfason brigslar íhaldsmönnum um að vilja efla lögregluna þótt þeir séu sjálfir kunnir afbrotamenn og hvetji jafnvel til bannlagabrota.¹³⁶ Við sama tækifæri var fullyrt að ekki þyrfti neina varalögreglu á Siglufirði ef þar væri aðeins tekið fyrir vinsölu,¹³⁷ en Siglufjörður var einn þeirra staða þar sem sett hafði verið upp ríkisverslun með áfengi eftir að sala Spánarvínanna hófst og hlotist af því töluverður órói í bænum.¹³⁸

Áfengisbannið hafði hins vegar ekki einungis áhrif á eðli og fjölda verkefna lögreglunnar heldur má rekja til þess stofnun sérstaks ríkisrekens löggæsluliðs. Þegar Jónas frá Hriflu, mikill baráttumaður fyrir hófsemi í áfengisneyslu, tók við embætti dómsmálaráðherra árið 1927 ákvað hann að gera gangskör að því að bannlögunum yrði fylgt betur eftir og setti lög með heimild um sérstaka lögreglumenn sem áttu að gæta að framkvæmd áfengislöggjafarinnar,¹³⁹ meðal annars vegna þess að það yrði of þunglamalegt að þeir störfuðu undir sýslumönnunum.¹⁴⁰ Í *Skýrslum um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*, gefnum út af atvinnumálaráðuneytinu, eru aðgerðir Jónasar á þessu sviði tíundaðar. Stjórn Framsóknarflokksins réð allmarga menn sem áttu

¹³¹ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 105.

¹³² Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 272 og 278-279.

¹³³ Arnar Guðmundsson, *Bruggið og bannárin*, bls. 80.

¹³⁴ Arnar Guðmundsson, *Bruggið og bannárin*, bls. 118.

¹³⁵ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 110-111.

¹³⁶ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 795.

¹³⁷ *Alþingistíðindi* 1925 C, d. 719-720.

¹³⁸ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 273-274.

¹³⁹ *Stjórnartíðindi* 1928, bls. 211.

¹⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 4266.

að starfa sjálfstætt sem eftirlitsmenn bann- og tolllaga í kaupstöðunum. Sektor voru hækkaðar og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tók við sölu vanilludropa. Læknar gátu skrifað lyfseðla fyrir áfengi og voru taldir misnota það grimmilega en Jónas tók hart á slíkum brotum. Skýrsluhöfundur segir að lokum með nokkru stolti að ríkissjóður sé gildari eftir að bannlögin voru hert og borgararnir hafi lært að bera virðingu fyrir lögnum og þar með sé stigið skref „í áttina til almennari þjóðfélagsþroska“.¹⁴¹

Áfengislöggæslulið Jónasar frá Hriflu var þó aldrei sérlega vinsælt. Mennirnir voru jafnan kallaðir „þefarnir“ og litnir hornauga.¹⁴² Morgunblaðið fullyrta að hér væri um að ræða lagaheimildalaus ríkislögreglu til einkanota fyrir Framsóknarflokkinn¹⁴³ en einnig var fyrirkomulagið talið valda ósamræmi í löggæslunni.¹⁴⁴ Það er alls ekki fjarri lagi að kalla þefarana ríkislögreglusveit, því að um var að ræða hóp löggæslumanna sérstaklega á vegum dómsmálaráðherra og þar af leiðandi á vegum ríkisins. Þeir þjónuðu að einhverju leyti sem tollverðir en framfylgnin við bannlögin, gegn heimabruggi og almennri ölvun, var of umfangsmikil til að tollgæsla væri þeirra eini starfi. Stofnun liðsins segir þó lítið um langtímastefnu stjórnvalda eða viðhorf til löggæslu ríkisins almennt, enda tilkomið vegna sérstakrar elju þessa tiltekna dómsmálaráðherra og áhuga hans á að framfylgja bannlögnum. Þau voru svo afnumin þremur árum síðar.

Oft var við ramman reip að draga fyrir lögregluna að framfylgja lögum á þessum árum. Í óeirðunum á gamlárskvöld urðu lögreglumenn fyrir hörðum árásum og bæði stéttabaráttan og bannlögin sköpuðu þeim að mörgu leyti óvinveitt starfsumhverfi. Hermann Jónasson taldi sjálfur að mótþrói og tortryggni gagnvart löggæslu væri landlæg á Íslandi, vegna reynslunnar af aldalangri nýlendukúgun.¹⁴⁵

3.2 Heimskreppa og aukin stéttaátök

Árið 1929 skall kreppan mikla á heimsbyggðinni og barst fljótt til Íslands með tilheyrandi gjaldeyrisskort, útflutningserfiðleikum og miklu atvinnuleysi. Atvinnuleysisbætur þekktust ekki á þessum tíma en ríki og bæjarfélög skipulögðu

¹⁴¹ *Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*, bls. 148-153.

¹⁴² Arnar Guðmundsson, *Bruggið og bannárin*, bls. 132.

¹⁴³ *Morgunblaðið* 19. nóvember 1927.

¹⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1928 B, d. 4271.

¹⁴⁵ „Hermann Jónasson, fyrsti lögreglustjórinn“, bls. 72. Björn Steffensen, fyrrum varalögreglumaður, taldi aftur á móti að það væri „gamall arfur með íslensku þjóðinni að þykja sem valdið sé ævinlega öfugu megin við réttlætið“. Sjá Björn Steffensen, „Virkið í Suðurgötu“.

atvinnubótavinnu sem gat fleytt mönnum yfir erfiðasta hjallann.¹⁴⁶ Ástandið var þó eftir sem áður slæmt og hafði í för með sér aukin stéttaátök og óróleika í samfélaginu. Bæjar- og sveitarstjórnunum var gjarnan stjórnað af íhaldsmönnum en þær voru jafnframt mikilvægir atvinnurekendur og oft kom til átaka milli þeirra og verkafólks.¹⁴⁷ Til að mynda urðu ryskingar milli lögreglu og verkamanna á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík daginn fyrir gamlársdag árið 1930 eins og áður var nefnt¹⁴⁸ og einnig um áramótin 1931-1932.¹⁴⁹ Á sama tíma hörðnuðu átökin milli kommúnista og jafnaðarmanna innan verkalýðshreyfingarinnar og stundum voru starfandi hlið við hlið tvö verkalýðsfélög í sama plássinu, annað í Alþýðusambandinu en hitt á vegum kommúnista.¹⁵⁰ Árið 1932 var sérstaklega dramatískt. Verkalýðsfrömuðir voru teknir höndum af andstæðingum sínum og fluttir nauðugir milli bæjarfélaga. Í Vestmannaeyjum sökuðu kommúnistar útgerðarmenn um banatilræði við foringja sinn, Ísleif Högnason, í kjölfar bardaga milli sjómanna og útgerðarmanna, og um sumarið urðu hörð átök á Siglufirði um kaupíð í síldarverksmiðjunni sem lyktaði sennilega með sjálfsvígi eins verkalýðsforingjans.

Í Reykjavík voru blikur á lofti hinn 7. júlí. Allt árið höfðu atvinnuleysingjar mætt á bæjarstjórnarfundi til að hlýða á umræður um atvinnumál og svo var einnig þennan dag. Tillögur um atvinnubótavinnuna og önnur mál viðkomandi fátækum bæjarbúum biðu umfjöllun bæjarstjórnarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem hafði meirihluta í bæjarstjórn, voru andsnúnir því að atvinnubótavinnu yrði komið á og töldu ekki að sjóðir bæjarins eða ríkisins stæðu undir því. Á sama tíma og umræðurnar fóru fram inni í Góðtemplarahúsinu, þar sem fundir bæjarstjórnar voru haldnir, var samankominn mikill mannsöfnuður fyrir utan húsið. Leiðtogar kommúnista og Alþýðuflokks töluðu til fólksins og fluttu því kryddaðar fréttir af því sem fram fór innandyra, en lögreglan gætti dyranna á Gúttó. Loks sló í brýnu milli fólksins og lögreglunnar, með slagsmálum, barsmíðum og grjótkasti. Þegar bæjarstjórnarfundinum lauk þurfti lögreglan að verja bæjarfulltrúa meirihlutans er þeir forðuðu sér á brott.

Í liði með lögreglunni þennan dag var hópur „aðstoðarmanna“ sem höfðu verið kvaddir á staðinn af lögreglustjóra, sem búist hafði við uppþoti. „Hvítliðar“ þessir urðu

¹⁴⁶ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 109-110, Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 254-256.

¹⁴⁷ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts þjóðfélags á Íslandi“, bls. 254.

¹⁴⁸ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 144-145.

¹⁴⁹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 157-158.

¹⁵⁰ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 132-137. Um verkalýðsbaráttu og flokkadrætti þessara ára sjá t.d. Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið*.

jafnvel frekar fyrir aðkasti en fastir lögregluþjónar og voru litnir hornauga.¹⁵¹ Að kvöldi 7. júlí boðuðu kommúnistar til verkalýðsfundar og á honum var formlega stofnað Varnarlið verkalýðsins „til að verjast árásum lögreglunnar“¹⁵² en stofnun slíks liðs hafði verið nokkurn tíma í bígerð.¹⁵³

Strax eftir óeirðirnar 7. júlí gekk Hermann Jónasson lögreglustjóri á fund dómsmálaráðherra og hafði áhyggjur af því að kæmi aftur til ófriðar kringum bæjarstjórnina dygði bæjarlögreglan ekki til að hafa hemil á mannfjöldanum. Hann hafði stundum haft aukamenn til aðstoðar en fannst það gefast illa. Óeinkensklaðdir menn með kylfur voru ekki vænlegir til vinsælda og þar sem þeir höfðu enga sérstaka vernd var erfitt að fá menn til starfans. Hermann óskaði þess ítrekað við ráðherra að hann fengi löggilt og auðkennt lið sér til aðstoðar, en fékk því ekki framgengt.¹⁵⁴

Síðar í júlímánuði létu sjálfstæðismenn tilleiðast og bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti að skapa atvinnubótavinnu fyrir 200 manns. Alþýðuflokkurinn bar ítrekað fram tillögur um fjölgun í atvinnubótavinnunni um haustið enda jókst atvinnuleysi jafnt og þétt en meirihlutinn frestaði afgreiðslu þeirra jafnóðum, bæjarsjóður stæði ekki undir frekari atvinnubótavinnu og erfitt væri um lánsfé. Bekkirnir voru þétt setnir á bæjarstjórnarfundum og voru fundirnir haldnir undir lögregluvernd.¹⁵⁵ Af og til reyndi lögreglustjóri að fá menn utan úr bæ lögreglunni til aðstoðar en það gekk enn verr eftir atburðina 7. júlí því í kjölfar þeirra fóru blöðin að birta nöfn þeirra og veist var að þeim opinberlega.¹⁵⁶

3.3 *Gúttóslagurinn*

Hinn 3. nóvember 1932 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að lækka launin í atvinnubótavinnunni. Verkalýðshreyfingin óttaðist að þetta væri undanfari almennrar kauplækkunar og brást fljótt við, Dagsbrún boðaði til kröfugöngu og mótmælafundar. Meirihluti bæjarstjórnar lét þá undan þeirri kröfu verkafólksins að fresta kauplækkuninni fram yfir aukafund bæjarstjórnar 9. nóvember, en þar átti að ræða lækkunina sérstaklega.

¹⁵¹ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 54-109.

¹⁵² Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 110.

¹⁵³ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 166-167.

¹⁵⁴ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 169-170.

¹⁵⁵ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 142-154.

¹⁵⁶ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 170.

Strax að morgni 9. nóvember byrjaði mikill mannfjöldi að safnast saman fyrir framan Góðtemplarahúsið. Utan á húsinu hafði verið komið fyrir gjallarhornum til að mannfjöldinn fyrir utan heyrði umræðurnar inni fyrir, en menn töldu að það hefði aukið á óróann 7. júlí að fólkið á götunni hefði ekki heyrt til bæjarfulltrúanna. Varnarlið verkalýðsins var á sínum stað, um 30 manns, og höfðu æft líkamsburði og átök síðan um sumarið. Lögreglan var einnig búin undir átök, þótt það hefði gengið treglega að fá aukamenn henni til aðstoðar. Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og tveir lögregluþjónar höfðu farið um bæinn með lista af nöfnum yfir menn sem líklegir væru til aðstoðar, meðal annars til formanns Landsmálafélagsins Varðar, sem stóð í tengslum við Sjálfstæðisflokkinn, og einhverjir höfðu látið tilleiðast.

Bæjarstjórnarfundurinn hófst klukkan tíu og var húsið þá fullt af fólki og einnig mannfjöldi utandyra. Spenna var í loftinu og nokkuð um framíköll. Þegar ákveðið var að slíta fundinum og fara í hádegismat varð nokkuð kurr í salnum en áheyrendur róuðust þegar Hermann Jónasson lofaði því að allir skyldu fá að koma í salinn aftur eftir hléið. Ekki leist lögreglunni eða bæjarfulltrúunum hins vegar á blikuna þegar til kastanna kom og ákváðu að hleypa ekki jafn mörgum inn eftir matarhlé. Ókyrrð varð mikil fljótlega eftir fundarhléið bæði innandyra og utan svo á endanum var ekki lengur fundarhæft og fundinum var slitið 20 mínútum eftir að hann hófst. Hluta bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins tókst að flýja út um kjallaradyr hússins í skjóli lögreglunnar en mannfjöldinn utandyra gerði innrás í húsið og sló í bardaga milli þeirra og lögreglunnar. Húsgögn voru brotin og gerð að bareflum og gluggar brotnir sömuleiðis. Bardagi lögreglunnar og almennings barst síðan út úr húsinu og eftir götunum.¹⁵⁷

Á meðan á þessu stóð þurfti lögreglustjórinn Hermann Jónasson reyndar að draga sig í hlé til að kveða upp dóm yfir Magnúsi Guðmundssyni dómsmálaráðherra, sem var einn ákærðra í gjaldþrotamáli heildsalans C. Behrens. Fyrir þetta var Hermann óspart gagnrýndur af sjálfstæðismönnum eftir slaginn og töldu þeir Hermann hafa yfirgefið menn sína í bardaga til að fella þennan pólitíska dóm.

Af 28 lögreglumönnum bæjarins slasaðist 21 í slagnum. Lögregluþjónarnir voru nef- og handleggsbrotnir, marðir, skornir og bólgnir víðs vegar um líkamann, meðal annars hlutu margir höfuðmeiðsl, og voru sumir lengi að jafna sig. Segja má að lögregluliðið hafi að miklu leyti legið óvíggt eftir slaginn. Þegar bardaganum slotaði drógu hinir slösuðu sig í hlé en kommúnistar boðuðu til mótmælafundar um kvöldið. Á

¹⁵⁷ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 156-191.

sama tíma stóðu umræður milli fulltrúa Alþýðuflokks og fulltrúa ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnarmeirihlutans þar sem samþykkt var að kaupið í atvinnubótavinnunni yrði óbreytt til áramóta.¹⁵⁸

Gúttóslagurinn er langfrægasti atburður krepputímans á Íslandi. Þór Whitehead sagnfræðingur er sannfærður um að þá hafi kommúnistar verið hársbreidd frá því að gera skipulagða byltingu, enda sumir þeirra þjálfaðir í vopnaburði og byltingarfræðum frá rússneskum herskólum.¹⁵⁹ Yfirvöld voru áreiðanlega hrædd um einmitt það eftir bardagann, eins og sést best á þeim viðbúnaði sem fjallað verður um hér á eftir, stofnun varalögreglu og tæmingu allra skotfæraverslana í bænum. Rétt eins og í hvíta stríðinu eru höfð eftir mönnum ýmis gífuryrði sem féllu í hita leiksins og fer eftir túlkun og hugarfari hvers og eins hversu alvarlega skyldi taka slíkt.¹⁶⁰ Aðrir sagnfræðingar hafa farið varlegar í sakirnar en Þór Whitehead og fremur litið svo á að í Gúttóslagnum hafi soðið upp úr á viðkvæmum tímum í þjóðfélaginu en að þar hafi kommúnistar ætlað að grípa tækifærið til valdaráns.¹⁶¹ Sjálfir segja framámenn kommúnista að slíkt hafi aldrei verið á döfinni,¹⁶² eða eins og Adolf Petersen útskýrir: „Ég held það hefði tekist að ná valdi á öllum stjórnarstofnunum eftir að lögreglunni hafði verið tvístrað. [...] Við hefðum getað náð helstu stofnunum, en ekki haldið þeim til lengdar. Til þess voru ekki forsendur.“¹⁶³ Í aukakosningum til Alþingis 1932 höfðu kommúnistar fengið 8% atkvæða í Reykjavík¹⁶⁴ og flokkurinn mat það þannig að stund byltingarinnar væri ekki verið runnin upp, þótt þeir spöruðu vissulega ekki stóru orðin.¹⁶⁵ Það var líka allt með kyrrum kjörum daginn eftir bardagann, þrátt fyrir laskaðar girðingar og brotin húsgögn, og ríkti ákveðið spennufall í bænum.¹⁶⁶ Það voru heldur ekki bara kommúnistar sem börðust í Gúttó. Eitt frægasta atvik átakanna er það þegar Héðinn Valdimarsson alþýðuflokksmaður og framkvæmdastjóri Olíuverslunar Íslands rétti verkamönnum stólfætur út um brotna gluggana á Góðtemplarahúsinu – hún hefur lifað sem hetjumynd

¹⁵⁸ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 232-243.

¹⁵⁹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*.

¹⁶⁰ Sjá t.d. Ólaf R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 218.

¹⁶¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, og Jón Ólafsson. Þór Whitehead hefur einkum átt í deilum við Jón Ólafsson um byltingarvilja og –getu íslenskra kommúnista. Rök Þórs eru tekin saman í nýjustu bók hans, *Sovét-Íslandi*, en vitnað er til allra greina Jóns um málið í heimildaskrá. Greinaskrif Þórs og Jóns eru umfangsmikil en endurtekninga- og smámunasöm og að mínu mati ekki mikilvæg fyrir þessa ritgerð; aðalatriðið er ekki hvort meirihluti kommúnista ætlaði sér að gera byltingu eða ekki heldur hvaða áhrif ögrandi tilvist þeirra hafði á hugmyndir ráðamanna um innri varnir ríkisins.

¹⁶² Einar Olgeirsson, „Efling kommúnismans og andóf Jónasar frá Hriflu“, bls. 90.

¹⁶³ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 245-246.

¹⁶⁴ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 174.

¹⁶⁵ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 253.

¹⁶⁶ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 246.

meðal verkalýðsins þótt andstæðingar Héðins hafi frekar litið svo á að hér hafi kjörinn fulltrúi lýðræðisins smánað það sama lýðræði með hvatningu um ofbeldi.¹⁶⁷

Eftir Gúttóslaginn voru bæjarstjórnarfundirnir fluttir í Eimskipafélagshúsið, þar sem auðveldara var að verjast áhlaupi, og varalögrelumenn látnir gæta fundanna.¹⁶⁸

Undirbúningur að málaferlum vegna slagsins hófst strax og sameinaðist rannsókninni á óeirðunum 7. júlí undir stjórn Kristjáns Kristjánssonar fyrrverandi bæjarfógeta, sem var settur lögrelustjóri í málinu þar sem Hermann Jónasson var því of tengdur.

Yfirheyrslur stóðu fram í janúar en kommúnistar höfðu tekið sameiginlega ákvörðun um að svara ekki spurningum réttarins. Að rannsókn lokinni var höfðað mál á hendur 31 manni fyrir óeirðirnar 7. júlí og 9. nóvember og voru 23 dæmdir í fimm til 90 daga fangelsi. Þrír hlutu óskilorðsbundna 60-80 daga fangelsisdóma. Sækjandinn sakaði hina ákærðu um fyrirfram ákveðna og skipulagða árás á bæjarstjórn og lögreglu í þeim tilgangi að kúga bæjarstjórnina til hlýðni og lagði áherslu á að kommúnistar, sem hygðust kollvarpa þjóðskipulaginu með valdi, hefðu verið forsprakkar árásarinnar. Verjandinn neitaði því að um skipulagða pólitíska árás hefði verið að ræða; menn hefðu ekki mætt vopnaðir á fundinn og væru ekki allir félagar í Kommúnistaflokknum.

Lögreglan hefði átt að vera betur undirbúin.¹⁶⁹ Hæstiréttur þyngdi dómana sumarið 1935 og virtist leggja trúnað „á þá röksemd sækjanda að forysta KFÍ bæri fremur ábyrgð á uppbotunum á bæjarstjórnarfundunum en þeir sem sveifluðu lengstu lurkunum og höfðu sig mest frammi í slagsmálunum.“¹⁷⁰ Strax í júlí voru hins vegar allir hinir dæmdu náðaðir af konungi að undirlagi Hermanns Jónassonar, sem þá var orðinn forsætis- og dómsmálaráðherra í Stjórn hinna vinnandi stétta.¹⁷¹

3.4 Stofnun varalögrelunnar

Sama dag og Hermann Jónasson dæmdi Magnús Guðmundsson í fyrrnefndu gjaldþrotamáli C. Behrens baðst dómsmálaráðherrann lausnar og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.¹⁷² Í staðinn var Ólafur Thors útnefndur dómsmálaráðherra og tók hann því boði með því skilyrði að komið yrði á fót nógu öflugri varalögreglu „til þess að ríkisvaldið gæti haft í fullu trje við sjerhvert árása- og ofbeldislið í landinu“ og að yfir

¹⁶⁷ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 224-225.

¹⁶⁸ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 296.

¹⁶⁹ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 246-253.

¹⁷⁰ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 254.

¹⁷¹ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 255.

¹⁷² Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 241.

hana yrði skipaður annar maður en Hermann Jónasson. Samkvæmt Ólafi gekk Ásgeir Ásgeirsson forsætisráðherra að þessu¹⁷³ en Ásgeir vildi reyndar ekkert við það kannast að Ólafur hefði sett þetta skilyrði fyrir að setjast í ráðherrastólinn.¹⁷⁴ Sjálfstæðismenn voru fullir af heift í garð Hermanns Jónassonar lögreglustjóra fyrir dóminn yfir Magnúsi Guðmundssyni og sökuðu hann um að hafa yfirgefið lið sitt umsetið blóðþyrstum múg á afar ódregilegan hátt. Þeir gáfu jafnframt í skyn að Hermann væri á mála hjá kommúnistum – þeir hafi gætt þess að hlífa honum, „einum allra lögreglumanna“.¹⁷⁵ Landsmálafélagið Vörður samþykkti vantraustsyfirlýsingu á lögreglustjóra eftir Gúttóslaginn og gagnrýndi hann meðal annars fyrir að hafa ekki safnað nægum aukamönnum¹⁷⁶ sem verður að teljast ómaklegt þar sem hann hafði einmitt leitað til Varðar um aðstoð fyrir slaginn.¹⁷⁷

Ólafur Thors gekk rösklega til verks við stofnun varalögreglunnar eftir að hann hafði verið settur dómsmálaráðherra. Deilt er um hvort hann hafi jafnvel gengið lengra og gefið skipanir um það strax eftir 9. nóvember að „safna saman 400 manna liði í Sundhöllinni á neturþeli, og taka fasta og varpa í fangelsi 20-30 mönnum, sem talið var, að hefðu staðið að óeirðum, þar á meðal nokkrum foringjum Alþýðuflokksins“.¹⁷⁸ Þessar ásakanir komu reyndar ekki fram fyrr en tæpum fimm árum eftir Gúttóslaginn, þegar Hermann Jónasson varpaði þeim fram á framboðsfundi fyrir alþingiskosningarnar 1937. Samkvæmt Hermannni hafði hann sjálfur, sem lögreglustjóri, neitað að framfylgja þessari skipun Ólafs og skipaður setudómari Kristján Kristjánsson einnig, „enda hefði það sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík“.¹⁷⁹ Þetta varð að heitu kosningamáli sumarið 1937 og mál gagn Framsóknarflokksins stærði sig af því að flokkurinn hefði „afstýrt borgarastyrjöld í Reykjavík“.¹⁸⁰

Ólafur Thors neitaði ásökunum Hermanns og svo fór að yfirvöld fyrirskipuðu réttarrannsókn í málinu. Kristján Kristjánsson sagði að Ólafur Thors hefði ekki gefið sér neinar skipanir um handtökur, aftur á móti hefði skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins stungið upp á því í viðurvist ráðherrans hvort ekki ætti að handtaka þá sem grunaðir

¹⁷³ *Morgunblaðið* 6. júní 1937.

¹⁷⁴ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1218.

¹⁷⁵ *Morgunblaðið* 6. júní 1937. Sjá einnig Hannes Hólmstein Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 468-471.

¹⁷⁶ *Morgunblaðið* 12. nóvember 1932.

¹⁷⁷ Sagt er frá málinu frá sjónarhorni Hermanns í bók Indriða G. Þorsteinssonar, *Fram fyrir skjöldu*, bls. 93-99.

¹⁷⁸ *Alþýðublaðið*, 3. júní 1937.

¹⁷⁹ *Alþýðublaðið*, 3. júní 1937.

¹⁸⁰ *Nýja dagblaðið*, 5. júní 1937.

voru um þátttöku í óeirðunum til „að sýna borgurunum að ríkisvaldið mætti sín einhvers“ og ráðherra ekki hafa gert athugasemdir við þau ummæli.¹⁸¹ Þessi orð Kristjáns túlkaði hvert málgagn síðan eftir sínu höfði, *Morgunblaðið* taldi þetta sanna að Ólafur Thors hefði engar slíkar skipanir gefið en *Nýja dagblaðið* – málgagn Framsóknarflokksins – og *Alþýðublaðið* sögðu að skrifstofustjórinn hefði aldrei lagt fram slíkar tillögur án þess að hafa samþykki yfirmanns síns.¹⁸² Staðfest þótti að handtökur hefði verið fyrirhugaðar en að hætt hefði verið við þær áður en Kristján Kristjánsson tók við málinu 15. nóvember. Aftur á móti fékkst aldrei botn í það hver hefði upphaflega gefið fyrirskipun um þær. Þór Whitehead túlkar það svo að það hafi hreinlega verið Hermann sjálfur.¹⁸³

Liðssafnaður lögreglunnar í kjölfar Gúttóslagsins er þó viðurkennd staðreynd og Sundhöllina átti að nota sem samkomustað, en hún var enn í byggingu þetta haust. Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, sem átti að fara fyrir varalögreglunni í stað hins tortryggða Hermanns Jónassonar, fékk fyrirmæli um að safna saman 400 mönnum sem þættu henta til aðstoðar. Hann hafði samband við Gústaf Adolf Sveinsson, formann Varðarfélagsins, um aðstoð við að útvega menn. Einn lögregluþjónn sagði að félagaskrá Varðar og jafnvel Heimdallar hefði verið notuð og annar að kjörskrá Sjálfstæðisflokksins hefði verið höfð til hliðsjónar. Þessu var reyndar mótmælt í *Morgunblaðinu*.¹⁸⁴ Strax að kvöldi 9. nóvember hafði öllum skotfærum og vopnum verið safnað úr verslunum að skipun lögreglustjóra og þau geymd á lögreglustöðinni.

Um mánaðamótin nóvember-desember voru um 120 manns í varaliðinu. Kyrfur höfðu verið útbúnar og embættistákn og liðið hafði bækistöðvar í húsnæði gömlu símstöðvarinnar í Pósthússtræti. Liðsmenn varalögreglunnar unnu á átta tíma vöktum og höfðu fasta leikfimitíma en sátu annars gjarnan yfir spilum.¹⁸⁵ Í liðinu voru níu flokksforingjar og varaflokksforingjar og í hverjum flokki ellefu til 15 manns. Var liðið „á verði, en hafði engar varðgöngur útvið“ og voru sumir mannanna í einkennisbúningi lögreglunnar í Reykjavík en aðrir ekki.¹⁸⁶ „Beinlínis kom þessi varalögregla aldrei að notum“, segir Guðbrandur Jónsson, „en hitt er auðvitað ekki hægt að segja, hvort eða

¹⁸¹ *Morgunblaðið* 11. júní 1937.

¹⁸² *Alþýðublaðið* 10. júní 1937, *Morgunblaðið* 10. júní 1937, *Nýja dagblaðið* 11. júní 1937, Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 29.

¹⁸³ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 215.

¹⁸⁴ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 30-32.

¹⁸⁵ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 262-263.

¹⁸⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 134-135.

hver siðferðileg áhrif kunni af henni að hafa stafað.¹⁸⁷ Varalögreglan uppfyllti þó hlutverk sem hægri menn töldu að hefði þurft að manna fyrir löngu: „Varalögregla sú, sem nú hefir verið stofnuð hjer af knýjandi nauðsyn hefir nákvæmlega sama verkefni að vinna eins og ríkislögreglu Jóns Magnússonar var ætlað.“¹⁸⁸ Varalögreglan var stofnuð án þess að fyrir henni væri skýr lagaheimild. Ólafur Thors mun hafa hugleitt að gefa út bráðabirgðalög en féll frá því og vísaði í stað til heimildar ríkisstjórnarinnar til að gera það sem hún teldi nauðsynlegt til að tryggja friðinn.¹⁸⁹

Varalögreglan var ekki eina liðið í bænum á þessum tíma. Eins og áður hefur komið fram höfðu kommúnistar stofnað Varnarlið verkalýðsins eftir átökin 7. júlí en eftir Gúttóslaginn stofnuðu Alþýðuflokkurinn og verkalýðsfélögin einnig sitt lið, „varnarlið verkalýðsfélaganna“. Þetta var 100 manna einkennisklædd sveit sem samanstóð af meðlimum úr Dagsbrún og Sjómannafélagi Reykjavíkur og átti að afstýra ofbeldi sem unnið væri gegn verkalýðnum í nafni réttvísinnar.¹⁹⁰ Ungir nasistar stofnuðu með sér félag og dágott fánalið sem marseraði um bæinn.

Sjálfstæðisflokkurinn eignaðist einnig einkennisklætt fánalið árið 1933 en það skar sig úr með því að það átti að aðstoða lögregluna í hugsanlegum átökum við hin liðin,¹⁹¹ alltént var það stefna þeirra meðan ríkisvaldið var í höndum Sjálfstæðisflokksins. Eftir einum pólitískum baráttumanni er haft: „Á þessum árum höfðu allir lið.“¹⁹² Andrúmsloftið í bænum var rafmagnað og af og til laust fylkingunum saman.¹⁹³

„Hvítliðarnir“ í varalögreglunni fengu að kenna á því hjá verkalýðsfélögunum. ASÍ gaf út sérstaka tilkynningu sem bannaði liðsmönnum verkalýðsfélaganna að ganga í varalögregluna.¹⁹⁴ *Alþýðublaðið* og *Verklýðsblaðið* birtu nöfn þeirra sem það gerðu og skoruðu á verkamenn að neita að vinna með stéttarsvikurunum. Þeir urðu fyrir aðkasti og fengu ekki aðra vinnu.¹⁹⁵ Margir þeirra reyndu síðar að fá stjórnvöld til að rétta hlut sinn. Í janúar 1934 héldu varalögreglumenn fund og kröfðust þess af ríkisstjórninni að létta verkbanni af mönnum, koma þeim aftur inn í Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur og bæta mönnum fjárhagslegt tjón af verkbaninu, enda hafi ríkisstjórnin

¹⁸⁷ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 135.

¹⁸⁸ *Morgunblaðið* 20. nóvember 1932.

¹⁸⁹ *Verklýðsblaðið* 13. desember 1932.

¹⁹⁰ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 380.

¹⁹¹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 218-220.

¹⁹² Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 174.

¹⁹³ Sjá t.d. *Morgunblaðið* 25. apríl 1933 og Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 296-300.

¹⁹⁴ *Alþýðublaðið* 19. nóv. 1932.

¹⁹⁵ Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn*, bls. 266. Sjá t.d. *Verklýðsblaðið* 5. september og 24. október 1933.

lofað varalögreglumönnum að þeir myndu ekki bíða neinn skaða af þátttöku sinni þar.¹⁹⁶ Í bréfi frá lögreglustjóra Reykjavíkur vorið 1935 kemur svo fram að stjórnvöld hafi tekið að sér að greiða Sjómannafélaginu og Dagsbrún peninga fyrir endurinntöku varalögreglumanna og að verið væri að leysa síðustu varalögreglumennina úr verkbanni, einu og hálfu ári eftir stofnun varalögregluliðsins.¹⁹⁷

¹⁹⁶ Þjóðskjalasafn Íslands [ÞÍ], Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík. Samþykkt varalögreglu ríkisins 7. janúar 1934.

¹⁹⁷ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík. Bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík 20. maí 1935.

4. Ríkislögregla 1933-1935

4.1 Ríkislögreglufrumvarpið

Hermann Jónasson lögreglustjóri var ekki sérlega hrifinn af varalögreglulausninni og hefði fremur viljað fara aðrar leiðir.¹⁹⁸ Í löngu bréfi sem hann skrifaði dómsmálaráðuneytinu í desember 1932 tíundaði hann skoðanir sínar á lögreglumálunum. Hann vildi efla bæjarlögregluna töluvert, hún væri allt of fámenn miðað við íbúafjölda bæjarins og þá staðreynd að Reykjavík væri höfuðborg, verslunar-, siglinga- og útgerðarborg. Lögreglan þyrfti bæði að geta gengið í fleiri verkefni og haft meira bolmagn í átökum. Til þess dygði lögreglusamþykktarákvæðið um aðstoð borgaranna við lögregluna ekki lengur: „Þetta ákvæði mátti nota í gamla daga, þegar taka þurfti fastan ölvaðan mann eða þess háttar, en ef margmennar óeirðir eru hér í bænum, er ákvæðið gjörsamlega þýðingarlaust, og ef reynt væri að beita því, mundi það blátt áfram geta leitt til víðtækra upphlaupa.“¹⁹⁹ Hermann sagðist jafnan hafa reynt að fá menn vinveitta lögreglunni til aðstoðar þegar mikið bar við en það hefði reynst illa; menn hefðu orðið fyrir aðkasti og ekki haft nein lagaleg réttindi. Hann varaði við því að lögreglan væri efld á einhvern þann hátt að hægt væri að túlka það svo að henni væri beitt gegn einni stétt fremur en annarri. Óróaseggir og afbrotamenn yrðu alltaf ósáttir við lögregluna en fólki af öllum stéttum þyrfti að finnast það geta leitað til hennar. Hermann taldi óskynsamlegt að treysta á varalögreglu sem aðalbakhjarl á óróatímum. Varalögreglumenn hefðu ekki slípast í starfi á sama hátt og þeir sem störfuðu sem lögreglumenn dags daglega. Andúð almennings beindist miklu síður gegn föstu lögregluliði bæjanna. Myndaðist almenn andúð á liðinu þýddi það sjálfkrafa að liðið þyrfti að vera stærra og fjölmennara og þar með kostnaðarsamara, án þess að það næði að skapa ró og öryggi í þjóðfélaginu. Hermann var því á þeirri skoðun að helst þyrfti að efla fastalið lögreglunnar og útbúa það vel, meðal annars með táragsi og hjálmum: „Það, sem ég held að leggja verði megin áherzlu á, er ekki margmenni af lítt samstilltu liði, nema til þrautavara, heldur sem mest af föstu, æfðu og völdu liði með beztu tegund af skaðlausum útbúnaði.“²⁰⁰ Hann lagði jafnframt til að tollverðir og áhafnir varðskipanna gætu aðstoðað lögregluna ef þörf krefðist, það væri ódýr og hentug lausn.

¹⁹⁸ Þess má þó geta að síðar átti Hermann eftir að hvetja til stofnunar 100 manna íslensks heimavarnarliðs, en það var á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Sjá Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 140-141.

¹⁹⁹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 138.

²⁰⁰ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 141.

Auk þess stakk Hermann upp á því að komið væri á fót litlum hópi rannsóknarlögreglumanna.²⁰¹ Ekki er laust við að afstaða Hermanns minni á stefnu bresku lögregluþingvaldanna sem minnst var á snemma í ritgerðinni, sem miðaði ekki síst að því að skapa samþykki almennings gagnvart lögreglunni. Hermann talar í bréfinu af reynslu, enda hafði hann þá starfað sem lögreglustjóri í fimm ár.

Vorið 1933 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um lögreglumenn á Alþingi. Ásgeir Ásgeirsson var þá forsætisráðherra í samsteypustjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Bændaflokks, klofningsframboðs frá Framsóknarflokknum, en það var Magnús Guðmundsson sem flutti frumvarpið. Hann var sestur aftur í sæti dómsmálaráðherra eftir að hafa verið sýknaður í Hæstarétti í gjaldþrotamáli C. Behrens.

Frumvarpið boðaði töluverðar breytingar á lögregluskipulagi í landinu. Það mælti fyrir um að í Reykjavík skyldi vera ríkislögregla skipuð allt að tíu lögreglumönnum og aðstoðarmönnum „eftir því sem óhjákvæmilegt þykir“, sem gátu þó tekið að sér verkefni fyrir bæinn á hans kostnað ef svo bar undir.²⁰² Neðri deild þingsins með framsóknarmenn í broddi fylkingar gerði töluverðar breytingar á frumvarpinu en það var í kjölfarið samþykkt og afgreitt af efri deild sem lög.²⁰³ Lögin náðu ekki bara til Reykjavíkur heldur allra kaupstaða, en yfirvöld á Akureyri höfðu óskað sérstaklega eftir því í kjölfar Novudeilunnar svokölluðu, þar sem hvítliðar höfðu einmitt verið kallaðir út til aðstoðar.²⁰⁴ Ríkisstjórnin gat fyrirskipað ákveðinn lágmarksfjölda lögregluþjóna í kaupstöðum, allt að tveimur á hverja 1000 íbúa, en skuldbatt sig þá til að taka þátt í kostnaðinum við þá. Jafnframt skyldi einn sjötti hluti lögregluliðsins í Reykjavík vera sérstök ríkislögregludeild og starfa meðal annars við sakamálarannsóknir. Skipshafnir varðskipanna töldust til ríkislögreglumanna og gefin var heimild fyrir hinu sama í tilfelli tollvarða. Ráðherra var jafnframt heimilt að kalla út launaða varalögreglumenn, að nokkru leyti á kostnað ríkisins, og sektir voru lagðar við því að maður væri hindraður við að gegna slíkum störfum. Sérstaklega var tekið fram að lögregluna mætti ekki nota til að kúga verkamenn í kaupdeilum, þótt komið gæti fyrir að hún yrði að skipta sér af framferði manna við þær aðstæður ef það varðaði við lög.²⁰⁵

²⁰¹ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 135-144.

²⁰² *Alþingistíðindi* 1933 A, bls. 286-288.

²⁰³ *Alþingistíðindi* 1933 A, bls. 1423-1424.

²⁰⁴ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1199, *Alþýðublaðið* 13. apríl 1933, Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 248-253.

²⁰⁵ *Alþingistíðindi* 1933 A, bls. 1423-1424.

Það var ekkert launungarmál að Gúttóslagurinn var höfuðástæða ríkislögreglufrumvarpsins 1933 og varalögreglugreina þess. Magnús Guðmundsson segir það berum orðum í greinargerð sinni við frumvarpið. Málflutningur stuðningsmanna þess er líka mun heildstæðari og ákveðnari en við varalögreglufrumvarpið 1925: sterkasta valdið verður að vera ríkisins megin, ríkinu má ekki standa ógn af pólitískum öflum í samfélaginu. Alþýðuflokksmenn voru þeir einu sem greiddu atkvæði gegn frumvarpinu á þingi. Þeir deildu hart á það og lásu upp harðorð mótmæli frá Alþýðusambandi Íslands og fjölmörgum verkalyðsfélögum, þótt þeir stæðu nú einir gegn varalögregluhugmyndinni. Töluverð spenna var á þingi, háreysti og framíköll á áheyrendapöllum og lögregla til staðar í þinghúsinu, mörgum þingmönnum til ama.²⁰⁶

4.2 Þegar valdhafarnir knýja fram óánægju hjá fólkinu

Það sem Alþýðuflokksmenn lögðust einkum gegn var ótakmörkuð heimild stjórnarinnar til að kalla til varalögreglumenn, auk þess sem þeir mótmæltu því að skipshafnir varðskipanna og tollverðir teldust til löggæslumanna – það væri vísir að sjóher. Tíu menn úr Reykjavíkurlögreglunni væru sakleysislegur hópur, en hér væri miðað að stórfelldum og fokdýrum liðssafnaði og varalögreglan yrði verkfæri pólitísks dómsmálaráðherra. Þótt núverandi stjórn ætlaði sér ekki að misnota hana gæti enginn sagt til um hvernig framtíðarríkisstjórnir myndu hugsa.

Alþýðuflokksmenn gerðu lítið úr Gúttóslagnum sem átyllu frumvarpsins. Hann hefði ekki verið nein byltingartilraun heldur hefði hann að miklu leyti verið sök lögreglunnar, hún hefði átt upptökin að átökunum með vanhugsuðum aðgerðum. Um leið og lögreglan hefði yfirgefið svæðið hefði allt dottið í dúnalogn. Þeir töldu að varalögreglunni væri fyrst og fremst beint gegn verkalyðnum – Alþýðuflokknum, tiltekur Héðinn Valdimarsson, því hann væri höfuðóvinur íhaldsins, kommúnistar væru fáir og illa skipulagðir.²⁰⁷ Þeir gáfu lítið fyrir það ákvæði frumvarpsins að lögregluna ætti ekki að nota í kaupdeilum, enda væri þar talað um „löglegar kaupdeilur“ og sú skilgreining væri eingöngu á valdi dómsmálaráðherra meðan ekki væru til nein lög um vinnudeilur. Í raun og veru, sögðu alþýðuflokksmenn, vildi ríkisstjórnin koma sér upp her og stjórna með hervaldi.

²⁰⁶ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1118-1285.

²⁰⁷ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1226.

Alþýðuflokksmenn deildu í umræðunum harðlega á varalögregluna sem stofnuð var eftir Gúttóslaginn. Í liðið hefði verið eytt stórfé en því hefði síðan verið haldið „í aðgerðaleysi, fyrst við spilamennsku í gömlu símstöðinni, en síðan hafa þeir gengið lausir við fullt tímakaup“.²⁰⁸ Nær væri að eyða peningunum í að útvega fleirum vinnu og draga þar með á mun árangursríkari hátt úr hættunni á uppþotum. Lögreglunni í Reykjavík hefði tekist ágætlega að halda uppi friði „þegar valdhafarnir hafa ekki gert neitt sérstakt til þess að knýja fram óánægju hjá fólkinu“.²⁰⁹ Í raun og veru væru stjórnarhættir íhaldsins og efling lögreglunnar olía á eld öfgahópa á borð við nasista og kommúnista; hér væri um að ræða vopnaðan frið. Jón Baldvinsson sagði það jafnvel ekkert óeðlilegt þótt lögreglan færi af og til halloka, það hefði gerst áður án þess að ástæða hefði þótt til þess að stofna varalögreglu!²¹⁰ Þetta verður að teljast djarflega mælt af kjörnum þingmanni á ríkisþinginu og sýnir fram á þann mikla mun sem var milli afstöðu alþýðuflokksmanna og sjálfstæðismanna í þessu máli.

Eins og áður kom fram íhugaði Ólafur Thors að setja bráðabirgðalög um varalögregluna við stofnun hennar en vildi ekki binda lagarammann um of. Hann treysti þess í stað á að þingið samþykkti hana eftir á, með því að ríkisstjórnin hefði rétt til að gera það sem hún teldi nauðsynlegt til að vernda friðinn í landinu. Alþýðuflokksmenn gagnrýndu þetta harkalega og sökuðu Ólaf um að hafa ekki þorað að setja bráðabirgðalög sem hann þyrfti síðan að verja á þingi, en stofnað til varalögreglunnar í fullkomnu heimildarleysi. Einn Alþýðuflokksmaður, Haraldur Guðmundsson, sýndi reyndar annan og athyglisverðan skilning á þessu. Hann var andvígur því að þjálfá stóra hópa manna í vopnaburði en taldi skynsamlegast að setja engin lög um varalögreglu, þannig að ef stjórnvöld sæju sig knúin til þess að kalla slíkt lögreglulið saman yrðu þau að gera það upp á von og óvon um samþykki þingsins eftir á. Þannig væri tryggt að stjórnvöld gengju ekki of langt hverju sinni.²¹¹

Um þessar mundir voru jafnaðarmenn við völd í Danmörku og bæði sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn vísuðu til Danmerkur, þótt þeir litu þann samanburð ólíkum augum. Eins og kom fram í kaflanum um dönsku lögregluna hafði verið stofnuð ríkislögregla í Danmörku, enda óróa tímar einnig þar. Þar stóðu hægri menn gegn því, vegna þess að þeir voru andsnúnir þeirri miðstýringu sem þeim fannst

²⁰⁸ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1206-1207.

²⁰⁹ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1162.

²¹⁰ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1162.

²¹¹ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1265-1266.

fylgja slíku liði og vildu ekki draga úr sjálfstæði bæjarfélaganna.²¹² Í umræðunum 1933 minntu sjálfstæðismenn því alþýðuflokksmenn á viðhorf skoðanabræðra þeirra í Danmörku; þar væru jafnaðarmenn ekki hræddir við að efla ríkislögregluna. Alþýðuflokksmenn gengust við því en tóku fram að það væri gert til þess að hægt væri að draga úr umsvifum hersins, öfugt við það sem Sjálfstæðismenn vildu gera, enda væri varalögreglan vísir að íslenskum her.²¹³ Alþýðuflokksmenn lögðust á sömu nótum gegn hugmyndum sem skutu upp kollinum um almenna borgaralega skyldu til að þjóna í varalögreglunni, enda væri slík borgaralega skylda í rauninni herkvaðning.

4.3 „...nú á að gera út um það, hvort ríkið á að standa eða falla“

Afstaða Sjálfstæðismanna til lögreglufrumvarpsins var einföld: það varð að efla lögregluna ef ríkisvaldið átti að vera öruggt um að hafa alltaf yfirhöndina í átökum. Þeir vísuðu beint í Gúttóslaginn til merkis um misbrest á því, en liðssöfnun einstakra pólitískra afla á borð við Varnarlið verkalýðsins var þeim greinilega einnig ofarlega í huga. Sem fyrr talaði Jón Þorláksson einna skýrast. Hann studdi frumvarpið vegna þess að það sagði svart á hvítu að það væri á ábyrgð ríkisins að gæta þess að landslögum væri fylgt. Að sveitarstjórnir hefðu þetta vald væri fjárhagslega óhagkvæmt og samræmdist ekki réttarvitund nútímans heldur minnti á forna tíma og goðorðin. Bæjarstjórnarmeirihluti á einum stað ætti ekki að geta tekið aðrar ákvarðanir en bæjarstjórnarmeirihluti annars staðar um það hvenær landslögum væri haldið uppi. Það gæti bitnað á réttindum minnihluta borgaranna.²¹⁴ Eins og sjálfstæðismenn bentu réttilega á voru ríkisráðnir löggæslumenn ekki nýir af nálinni, þeir voru á þriðja hundraðið á þessum tíma: sýslumenn, bæjarfógetar og hreppstjórar. Vissulega var ótakmörkuð heimild fyrir aukaliðssöfnuði róttæk breyting, en Ólafur Thors leit á það sem lykilatriði að heimildin væri ótakmörkuð, því andófsmenn þyrftu að vera vissir um að ríkið gæti ávallt orðið sterkasta aflið. Væri einungis fast lið lögreglu í bæjunum vissu andófsmennirnir nákvæmlega hversu fjölmennt lið þeir þyrftu til að yfirbuga hana.²¹⁵ Það væri sitthvað að hafa samúð með fátæklingum og að samþykkja kúgun á réttkjörinni bæjarstjórn.²¹⁶ Annars staðar fullyrti Ólafur reyndar að 100 manna lið væri

²¹² Stevnsborg, *Politi 1682-2007*, bls. 85-88.

²¹³ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1172-1175. Sjá einnig *Alþýðublaðið* 2. desember 1932.

²¹⁴ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1156-1158.

²¹⁵ *Morgunblaðið* 23. apríl 1933.

²¹⁶ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1249-1250.

svo lítið að það gæti hvorki verið vopn í höndum einræðisherra né þeirra sem gera vildu byltingu og halda völdunum á eftir.²¹⁷ Ólafur orðaði kjarna málflutnings hægri manna, að hér væri um líf og dauða að tefla fyrir ríkisvaldið: „9. nóv. hefur opnað augu þjóðarinnar, nú á að gera út um það, hvort ríkið á að standa eða falla.“²¹⁸ Um svipað leyti og þessar umræður fóru fram á þingi héldu sjálfstæðismenn landsfund sinn og lögðu áherslu á að ekki væri hægt að horfa í kostnað þegar um grundvöll ríkisins væri að ræða. Þeir gengu jafnvel svo langt að skora á flokkinn að gera sitt til að vernda borgarana ef ríkisvaldið brygðist skyldu sinni – en þetta var einmitt um sama leyti og fánalið Sjálfstæðisflokksins tók til starfa.²¹⁹

Sjálfstæðismenn gáfu lítið fyrir að það væri andstaða við frumvarpið í þjóðfélaginu og fullyrtu að lögreglan hefði verið almennt vinsæl í bænum eftir Gúttóslaginn enda hefði hún ekki átt sök á honum heldur kommúnistar. Eftir 9. nóvember hefðu ekki orðið neinar óeirðir og á því mætti sjá að varalögreglan væri ekki ógnun við friðinn heldur verndari hans; hún hefði ekki síst forvarnargildi. Styrkur lögreglunnar væri ekki hugsaður til þess að berja á neinum heldur til þess að menn vissu að það þýddi ekki að rísa upp á móti henni. Vissulega hefði töluverður kostnaður hlotist af varalögreglunni en það væri algjörlega undir gjörðum andstæðinga hennar komið hversu fjölmenn hún þyrfti að vera. Verkalýðsfélögin hefðu rekið varalögreglumenn úr félögunum og komið í veg fyrir að þeir fengju vinnu og því hefði ríkið neyðst til að taka á sig auknar skyldur við þessa menn svo þeir töpuðu ekki á því að hafa gengið í varaliðið. Stór hluti kostnaðarins væri því beinlínis verkalýðshreyfingunni að kenna.

Sjálfstæðismenn neituðu því flestir að flokksbragur væri á varalögreglunni. Af 100 manns væru þar 13 verkamenn sem hlyti að teljast nokkuð gott. Héðinn Valdimarsson var reyndar ekki á sama máli og taldi það lágt hlutfall, þótt hann gæti ekki staðist það að fullyrða að þessir 13 verkamenn væru þeir vöskustu í varaliðinu.²²⁰ Jón Þorláksson skar sig nokkuð úr hópi sjálfstæðismanna fyrir hreinskilnina; hann sagði beinum orðum að ef engin almenn skylda væri fyrir því að ganga í varalögregluna yrðu þar bara sjálfstæðismenn.²²¹ Sjálfstæðismenn voru þó almennt ánægðir með þegnskylduákvæði frumvarpsins. Það gerði framkvæmdina ódýrari, samsetningu varaliðsins fjölbreyttari og varnaði því að þeir sem skyldunni sinntu yrðu fyrir aðkasti

²¹⁷ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1241.

²¹⁸ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1224.

²¹⁹ *Morgunblaðið* 26. apríl 1933.

²²⁰ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1234.

²²¹ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1196.

fyrir það. Þeir höfnuðu samanburðinum við herkvaðningu og vildu frekar bera ákvæðið saman við borgaralega skyldu á borð við hreppsnefndarstörf. Þeir fóru jafnvel enn varlegar í sakirnar og fullyrtu að enginn yrði tekinn nauðugur í liðið, skyldan væri einungis til staðar til þess að menn yrðu ekki fyrir ofsóknum, þótt það hljómi reyndar mótsagnakennt að ætla að borgaraskylda fríi menn vandræðum af hálfu andstæðinga hennar ef hún er varla tekin alvarlega af yfirvöldum.

Aðaláhersla Sjálfstæðisflokksins var á ríkisvaldið; í fyrsta lagi að ríkisvaldið yrði alltaf að vera sterkasta aflið í hverju þjóðfélagi, og í öðru lagi að það væri eðlilegt fyrirkomulag að ríkið bæri ábyrgð á því að landslögum væri haldið uppi. Alþýðuflokksmenn svöruðu þessum rökum í rauninni ekki sérstaklega að öðru leyti en því að ríkislögreglan væri vísir að hervaldi. Þeir virtust fremur túlka það svo að það væri *núverandi ríkisvald* sem vildi koma sér upp sterkum bakhjarli en að sjálfstæðismenn gengju fram af hugsjón um skipulag ríkisvaldsins almennt.

4.4 Það er kannski engin ástæða til að torþryggja ríkislögreglu frekar en bæjarlögreglu, en það er samt gert, þótt máske sé að ástæðulausu

Afstaða framsóknarmanna skipti mestu máli um það að lögreglufrumvarpið var samþykkt. Þeir leiddu ríkisstjórnina fyrirpart árs 1933 þegar frumvarpið var lagt fram og höfðu flesta menn á þingi. Þeir höfðu snúist öndverðir gegn varalögreglufrumvarpi Jóns Magnússonar árið 1925 ásamt alþýðuflokksmönnum en höfðu nú skipt um skoðun, þótt greinilega væru margir þeirra tvístígandi í málinu. Gátu alþýðuflokksmenn ekki stillt sig um að núa Ásgeiri Ásgeirssyni forsætisráðherra sinnaskiptunum um nasir og gefa í skyn að þetta væri tákn um gerræði Sjálfstæðisflokksins innan ríkisstjórnarinnar. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn höfðu gjarnan átt samleið og Framsókn yfirleitt gagnrýnt lögregluaðgerðir í kaupdeilum, með undantekningum á borð við verkfallsdeilu í garnahreinsunarstöð Sambands íslenskra samvinnufélaga.²²²

Ásgeir Ásgeirsson forsætisráðherra talaði enda varfærnislega; hann lagði áherslu á að hann hefði vonast til þess að til slíks frumvarps þyrfti ekki að koma og fyrir Gúttóslaginn skellt skollaeyrum við beiðni lögreglustjóra um aukamenn, en óeirðirnar 9. nóvember hefðu neytt hann til að skipta um skoðun – aðstæður hefðu einfaldlega breyst frá því 1925. Hann hafnaði því reyndar að Gúttóslagurinn væri til marks um að hætta

²²² Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 85.

væri á byltingu kommúnista, kreppan væri víða verri en á Íslandi og í smáu samfélagi væri auðveldara að miðla málum milli manna, en aftur á móti væri fyrir hendi hætta á óeirðum og uppþotum sem takast yrði á við. Það væri vissulega mögulegt að misbeita valdinu en hann vildi ekki gera ráð fyrir því að slíkir menn kæmust til valda í landinu. Yrði lögreglunni misbeitt í vinnudeilum væri það æsingum jafnaðarmanna að kenna. Ætlunin hefði alltaf verið að leysa varalögregluna upp sem fyrst en vegna harðra viðbragða og verkbanns verkalýðsfélaganna hefðu skyldur ríkisstjórnarinnar við varalögreglumennina orðið ofan á.²²³ Það er einkennilegt að tala um það sem sérstaka hættu að vald þjóðfélagsins sé aukið, sagði Ásgeir Ásgeirsson jafnframt seint í umræðunum, en Haraldur Guðmundsson svaraði honum með orðum sem voru lýsandi fyrir afstöðu alþýðuflokksmanna: Það er ekki verið að auka vald þjóðfélagsins heldur ríkisstjórnarinnar.²²⁴

Jónas Jónsson frá Hriflu talaði sennilega fyrir munn margra annarra framsóknarmanna þegar hann sagði að í frumvarpinu væri kjarni sem allir væru sammála um – efling lögreglunnar – þótt þeir væru ósammála um aðferðirnar. Jónas sagði að í raun snerist málið aðeins um eflingu Reykjavíkurlögreglunnar og því væri varalögregluheimildin óþörf, hún „myndi enda opna dutlungafullum atvinnurekendum leið til þess þannig fyrst að fremja sín ósvífnu verk og síðan að heimta ríkisábyrgð á framferði sínu.“²²⁵ Jónas leit svo á að bæjarstjórnin hefði sjálf að miklu leyti borið ábyrgð á óeirðunum 9. nóvember, hún hefði haft vandanálstað að verja og ennfremur espað upp lýðinn með því að varpa umræðunum út á götu. Hann vitnaði til þess að í öðrum löndum hefðu vopnuð varalið verið notuð gegn almenningi og galt varhug við því: „Þótt ekki sé sagt í frv., að vopna eigi ríkislögregluna með byssum, þarf enginn að ætla, að lögreglan verði látin óvopnuð, og ég óska ekki eftir þeim degi, er stjórnin lætur vopnað lið, t.d. 1000 menn, ráðast að þeim 1000 sjómönnum, sem skapa verðmætin, sem þessi bær lifir af“.²²⁶

Framsóknarmenn lögðust gegn hugmyndum um þegnaskyldu í varalögregluna, meðal annars vegna þess að hún minnti á herkvaðningu. Magnús Torfason, sem enn var sýslumaður og lögreglustjóri í Árnessýslu á þessum tíma, taldi að Íslendingar myndu líta á hana sem óþjóðlega. Það væri aukinheldur lítið gagn í mönnum í vinnu sem ekki vildu vera þar og hefðu ekki trú á því að það sem þeir gerðu væri rétt og gott.

²²³ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1213-1220.

²²⁴ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1276.

²²⁵ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1139.

²²⁶ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1142.

Heimildina í lögreglusamþykktum um aðstoð borgaranna við lögregluna hefðu menn smám saman hætt að virða, einkum eftir að áfengisbannið komst á.²²⁷

Framsóknarmenn töldu að þótt rétt væri að efla löggæsluna ættu sveitarfélögin áfram að axla ábyrgð á henni, jafnvel þótt ríkið gæti sagt fyrir um ákveðinn lágmarksfjölda lögreglumanna. Ríkisvaldið hefði eftir sem áður yfirstjórn löggæslunnar í sínum höndum, þar sem dómsmálaráðherra væri yfirmaður lögreglunnar. Ingvar Pálmason þingmaður Framsóknar orðaði það svo: „Ég tel þetta stórt atriði, því að ef þau ekki gæta skyldu sinnar í þessum efnum, þá getur svo farið, að löggjöfin verði öll framkvæmd með ríkisvaldi. Það mundi ég telja vafasama leið og e.t.v. hættulega, þar sem framkvæmdavaldið líktist hervaldi. En hingað til hefir okkur Íslendingum ekki verið ljúft að ganga inn á hernaðarbrautina“²²⁸ og enn fremur að „þó það sé rétt, að ríkisvaldið eigi að hafa alla yfirstjórn löggæslunnar í landinu, þá sé ekki ástæða til að leggja í hendur þess meira af þeim málum en beinlínis þörf krefur.“²²⁹ Þetta er athyglisverð tregða við að láta löggæslumálin alfarið í hendur ríkisins. Jón Þorláksson taldi að meirihluti fjárhagsnefndar væri einfaldlega hræddur við að nota orðið „ríkislögregla“ og færi því eins og köttur kringum heitan graut.²³⁰

4.5 „Atvinnubótavinna íhaldsins“

Varalögreglunni sem stofnuð var eftir Gúttóslaginn var breytt í 40 manna sveit þegar ríkið lögreglulögin tóku gildi sumarið 1933. Eins og frumvarpið sagði til um var einn sjötti hluti Reykjavíkurlögreglunnar alltaf til taks fyrir ríkisstjórnina og sinnti ýmsum störfum fyrir hana en vann meðfram í þágu bæjarins. Á sama tíma var lögreglan búin betri vopnum auk táragegga og hjálma, að ósk lögreglustjóra.²³¹

Enn vantaði upp á þann fjölda lögregluþjóna í Reykjavík sem nýja ríkið lögreglufrumvarpið sagði að þyrftu að vera til staðar til þess að heimild væri fyrir varalögreglu í bænum. Bæjarstjórnin í Reykjavík samþykkti því í lok árs 1932 að fjölga í lögregluliði bæjarins um 21 mann og átti það að koma til framkvæmda árið eftir.²³² Fjölgunin gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig. Samkvæmt reglunum skyldi bæjarstjórnin skipa lögregluþjónana eftir tillögum frá lögreglustjóra, sem hafði vald til að setja

²²⁷ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1191-1193.

²²⁸ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1155.

²²⁹ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1169.

²³⁰ *Alþingistíðindi* 1933 B, d. 1159.

²³¹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 257-258.

²³² Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 145-152.

lögregluþjóna af. Þegar kom að því að skipa aukamennina árið 1933 bar svo við að bæjarstjórnin fór ekki nema að hluta til eftir tillögum Hermanns Jónassonar lögrelustjóra.²³³ *Alþýðublaðið* sakaði bæjarstjórnarmeirihluta Sjálfstæðisflokksins um pólitískar ráðningar lögregluþjóna.²³⁴ Hermann brást illa við og neitaði að ráða þá sjö menn sem bæjarstjórnin hafði valið. Eftir nokkuð þrjú mánuði úrskurðaði bæjarþing Reykjavíkur ráðningu lögregluþjónanna ólöglega. Þeim var sagt upp um áramótin 1933-1934 og engir menn ráðnir í þeirra stað, svo fjölgunin í lögrelulíðinu varð aðeins 14 manns í stað 21. Lögregluþjónar í Reykjavík voru því 41 talsins í lok árs 1933, eða einn lögrelulíðinn á hverja 773 íbúa í bænum.²³⁵

Haustið 1933 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að koma á fót varalögrelulíði fyrir bæinn, allt að 100 manns, enda átti þá að vera búið að uppfylla kröfurnar um það lögrelulíð sem þurfti að vera til staðar áður en varalögrelulíð væri stofnað.²³⁶ Þessi varalögrela Reykjavíkur virðist hafa átt að koma í staðinn fyrir varalögrelulíði sem stofnað hafði verið eftir Gúttóslaginn og fyrirhugað var að leggja niður um áramótin.

Sama haust lagði Héðinn Valdimarsson fram þingsályktunartillögu um varalögreluna á Alþingi og umræður um hana gefa ágæta mynd af því hvernig menn litu á varalögreluna er hún hafði verið starfandi í heilt ár.²³⁷ Það er ekki síst áhugavert að sjá hversu harkalega framsóknarmenn töluðu um varalögreluna þrátt fyrir að hafa samþykkt frumvarp um vorið sem gaf heimild fyrir henni. *Tíminn* sagði reyndar að ríkislögrelufrumvarpið hefði einkum snúist um það að höfuðábyrgðin á löggæslunni væri bæjanna²³⁸ en það er frjálst túlkun á innihaldi frumvarpsins.

Héðinn lagði til að varalögrelan yrði lögð niður og að hvergi yrði stofnað til varalögrelu í kaupstöðum landsins; hún hefði nú starfað og eytt fé í heilt ár við miklar óvinsældir og aldrei komið að gagni. Þar að auki hefði ekki fyrr en nú verið nægur fjöldi í fasta lögrelulíðinu til að varalögrelan mætti í raun vera starfandi, en nú þegar fjölgað hefði verið í Reykjavíkurlögrelunni væri nógur liðsaflí fyrir hendi. Héðinn vísaði til þeirrar samþykktar bæjarstjórnar Reykjavíkur að bærinn hygðist að koma sér upp 100 manna varalögrelu á grundvelli ríkislögrelulaganna og spurði um afstöðu þingsins til þess, en við einmitt þeirri fyrirspurn varð reyndar fátt um svör.

²³³ Guðbrandur Jónsson, *Lögrelan í Reykjavík*, bls. 146-149.

²³⁴ *Alþýðublaðið* 30. okt. 1933.

²³⁵ Guðbrandur Jónsson, *Lögrelan í Reykjavík*, bls. 146-149.

²³⁶ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14. nr. 357. Lögrelumenn í Reykjavík. Bréf frá bæjarstjóranum í Reykjavík 12. september og 23. nóvember 1933.

²³⁷ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 393-520.

²³⁸ *Tíminn* 14. ágúst 1934.

Magnús Guðmundsson varð annars fyrir svörum og sagði að varaliðið væri nú orðið fámennara og leggja ætti það niður um áramótin. Stutt væri síðan lögreglulið Reykjavíkur hefði verið stækkað og það yrði að fara hægt í sakirnar, ekki væri hægt að segja mönnum upp fyrirvaralaust. Sérstaklega yrði að styðja við þá varalögreglumenn sem hefðu verið í liðinu og fengju nú enga vinnu fyrir tilverknað Héðins og samstarfsmanna hans. (Héðinn neitaði því að verkamenn innan varalögreglunnar hefðu verið fleiri en tíu eða 20 og því ekki getað skipt svo miklu máli, en hafa má í huga að 48 manns skrifuðu undir áskorun til stjórnvalda að bæta sér upp fjárhagslegan skaða af þátttöku í varalögreglunni í desember 1933, þótt ekki sé víst að þeir hafi allir átt við verkban af hálfu verkalýðsfélaganna.²³⁹)

Haraldur Guðmundsson flokksbróðir Héðins kallaði varalögregluna „atvinnubótavinnu íhaldsins“ og sagði nær að stofna til raunverulegrar atvinnubótavinnu.²⁴⁰ Lausn kreppunnar og atvinnuleysisins lægi ekki í vígbúnaði og ófriði. Varalögreglan skapaði grundvöll fyrir byltingu fremur en að sporna við henni, en væri enginn her til staðar væru breytingar á þjóðfélaginu jákvæðar og mögulegar innan þingræðisins. Hann spurði hvernig á því stæði að fyrst ríkislögreglan og varalögreglan gætu „með tilveru sinni einni afstýrt öllum óeirðum, hvernig stendur þá á því, að í allt sumar hefir 100 manna lið æft sig í hermennsku í Kveldúlfsportinu?“ og vísaði þar til hins unga fánaliðs Sjálfstæðisflokksins.²⁴¹

Framsóknarmenn tóku undir gagnrýni alþýðuflokksmanna þrátt fyrir sinnaskiptin um vorið. Þeir lögðu áherslu á að löggæslan væri aðallega ætluð fyrir bæina og þeir ættu því fyrst og fremst að gera sína skyldu í löggæslumálum. Gerðu þeir hana væri sú fastalögregla líka alveg nóg, og dygði vel til að verja helstu stofnanir landsins ef kommúnistar reyndu að gera byltingu. Það væri þar að auki ólíklegt því stærstur hluti þeirra 10% atkvæða sem kommúnistar hefðu fengið í síðustu bæjarstjórnarkosningum væru stofubolsar og konur. Sveitafólk ætti ekki að kosta her fyrir Reykvíkinga!

Thor Thors svaraði því til fyrir hönd sjálfstæðismanna að á bak við lýðræðið yrði að vera vald til að tryggja að því væri framfylgt. Aukning lögreglu og varalögreglu í Reykjavík myndi styrkja allt þjóðfélagið, því ef óeirðir brytust út þar myndu þær breiðast út um landið. Ólafur bróðir hans varði varalögregluna einnig hatramlega og

²³⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík. Yfirlýsing varalögreglumanna 30. desember 1933.

²⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 428.

²⁴¹ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 434.

taldi fulla ástæðu fyrir Reykjavíkurbæ til að koma sér upp varaliði þegar varalögregla ríkisins yrði lögð niður. „Það var þörf fyrir hana“, sagði Ólafur, „og ég vil leiða athygli þingsins að því, að þörfin fyrir slíka lögreglu kemur ekki í ljós fyrr en hún verður lögð niður, því að það, að hún er til, heldur í skefjum þeim óaldarlýð, sem hefir viljað vaða hér uppi, en nú hefir slíðrað sverðið, af því að lögreglan er nógu öflug og þeir sjá sér á engan hátt fært að ráða niðurlögum hennar.“²⁴² Hann taldi aðgerðaleysi varalögreglunnar því ekki sanna neitt nema fælingarmátt hennar við óaldarlýðinn. Jón Þorláksson, sem nú var orðinn borgarstjóri í Reykjavík, tók undir þessa nauðsyn varalögreglunnar og málaði dökka mynd af ástandinu í bænum og fjölda og harðfylgi kommúnista. Hann brigslaði andstæðingum varalögreglunnar um það að standa kommúnistum svo nærri að þeim væri sama þótt þeir kollvörpuðu þjóðskipulaginu – „af því að þeir búast við að fljóta einhversstaðar ofan á í því hafróti“ – en sjálfstæðismenn vildu aftur á móti berjast fyrir lýðræðinu og verja það í landinu.²⁴³

Það vekur athygli hve sjálfstæðismenn voru ómyrkir í máli. Jakob Möller sagði ekki bara þurfa varalögreglu gegn kommúnistum heldur líka mönnum á borð við ofbeldismanninn Héðin Valdimarsson. Í Gúttóslagnum hefðu lögreglustjóri og forvígismenn sósíalista tekið sig saman og safnað liði gegn lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Thor Thors gerði hlægilega lítið úr æfingum fánaliðs Sjálfstæðisflokksins: „Ég vil leyfa mér að skýra hv. þm. frá því, að það er engin ástæða til þess að hræðast þessa sveit hvorki fyrir hann né aðra. Það eru aðeins nokkrir ungmenn, sem æfa sig ýmist þar eða annarsstaðar í leikfimi og fögrum limaburði. Þeir hafa engin vopn, en aðeins fána sinn, hinn íslenzka þjóðfána ...“²⁴⁴ Gísli Sveinsson taldi borgurunum eðlilegt að berjast gegn uppbotum og gekk nærri því að hvetja til þess að menn tækju lög in í sínar hendur: „Því er ekkert athugavert við það, að menn komi saman til líkamsæfinga og jafnvel þótt þær hefðu nokkurn svip af lögregluliðsæfingum, til þess að vera færari til að verja sig og eignir sínar. Enginn bannar þetta, enda er það sjálfsögð ráðstöfun.“²⁴⁵ Pétur Halldórsson mælti fyrir mikilvægi öflugrar lögreglu sökum atvinnulauss óaldarlýðs sem safnaðist til bæjarins: „Um þetta leyti árs streymir líka hingað til bæjarins sá lýður, sem ekki hefir að neinu vissu starfi að ganga, og á ekkert erindi hingað nema að ráða um göturnar með ópum og óhljóðum. [...] Þessi

²⁴² *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 403.

²⁴³ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 418.

²⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 446.

²⁴⁵ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 489.

lýður, sem hingað ranglar, í stað þess að gegna ærlegum störfum úti á landi, er til alls búinn...²⁴⁶

Að lokum fór það svo að þingsályktunartillögu Héðins Valdimarssonar var hafnað og hún tekin af dagskrá. Ekki var hróflað við lögreglulögunum fyrr en árið 1939 og tóku þau þá aukið mið af þeirri styrjöld sem var í uppsiglingu úti í heimi og átti eftir að hafa sín áhrif á Íslandi.²⁴⁷

4.6 Varalögreglan 1934-1935

Eins og áður segir var varalögreglan sem stofnuð hafði verið eftir Gúttóslaginn skorin niður í 40 manna sveit þegar ríkislögreglulögin tóku gildi sumarið 1933.²⁴⁸ Svo virðist sem sú sveit hafi formlega verið lögð niður um áramótin 1933-1934 eins og ætlunin var, svo sem kemur fram í svörum yfirvalda við fyrirspurnum Héðins Valdimarssonar á þingi og bréflega,²⁴⁹ en aftur á móti hafði bæjarstjórn Reykjavíkur haustið 1933 samþykkt að hafa til viðbótar við fast lögreglulið sitt 40 manna varalögreglusveit sem skyldi taka til starfa í ársbyrjun 1934, og ríkisstjórnin gengist við því.²⁵⁰ Í rauninni starfaði liðið því áfram fram á sumarið 1934, en í júlímánuði tóku Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn við stjórnartaumunum undir nafninu „Stjórn hinna vinnandi stétta“. Eitt af skilyrðum Alþýðuflokksins fyrir stjórnarmynduninni var að varalögreglan yrði lögð niður og var það eitt af fyrstu verkum stjórnarinnar, við lítinn fögnuð Sjálfstæðisflokksins.²⁵¹ Varalögreglan var lögð niður af Hermanni Jónassyni, sem nú var orðinn forsætis- og dómsmálaráðherra, þann 10. ágúst, eða daginn eftir að bæjarþing Reykjavíkur hafði úrskurðað að ráðningar bæjarstjórnar á lögregluþjónunum sjö í trássi við vilja Hermanns árið áður hefðu verið ólögmatar.²⁵² Það er því augljós togstreita milli ríkisstjórnarinnar, með Hermann í broddi fylkingar, og bæjarstjórnar Reykjavíkur, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði meirihluta, í þessu máli.

²⁴⁶ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 519.

²⁴⁷ *Alþingistíðindi* 1939 B, d. 915-950. Um sögu varalögreglunnar til þessa dags má lesa í ágætri grein Guðna Th. Jóhannessonar, „Varalið lögreglu. Rauður þráður frá rússnesku byltingunni“.

²⁴⁸ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 145.

²⁴⁹ *Alþingistíðindi* 1933 D, d. 400, ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14, nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík, Bréf til Héðins Valdimarssonar 18. janúar 1934.

²⁵⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14, nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík, Bréf til bæjarstjórnar í Reykjavík 19. desember 1933.

²⁵¹ *Morgunblaðið* 10. ágúst 1934.

²⁵² Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 252-253.

Þessi togstreita birtist ekki aðeins í lögreglumálum Reykjavíkur heldur einnig í samskiptum stjórnvalda við yfirvöld annars staðar á landinu. Eysteinn Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, lét þau orð falla á þingi haustið 1933 að sum bæjarfélög hefðu sýnt tilburði í þá átt að misnota sér varalögregluheimildina í lögreglulögunum.²⁵³ Eysteinn hefur líklega átt við að bæirnir legðu sig eftir því að ríkið tæki þátt í löggæslunni án þess að þeir hefðu sjálfir lagt sitt af mörkum til hennar, eins og sagði fyrir um í lögreglulögunum. Þetta má sjá í bréfaskiptum stjórnvalda við yfirvöld á Siglufirði og í Vestmannaeyjum viðvíkjandi auknum lögreglustyrk.

Siglufjörður hafði ekki farið varhluta af verkalýðsátökum áratugarins. Verkamannafélagið þar í bæ hafði stofnað eigin varnarliðssveit árið 1933 og vorið 1934 gerðu andstæðingar kommúnista slíkt við sama og stofnuðu félagið Skjöld sem átti að berjast gegn kommúnistum.²⁵⁴ Siglufjörður var síldveiðibær og mikill erill þar yfir síldveiðitímamann, ekki síst vegna þess að þar var áfengisverslun eins og áður er getið.²⁵⁵ Á Siglufirði voru tveir fastir lögregluþjónar til ársins 1934, þá var þeim fjölgað í fjóra, en yfir sumarið var oft bætt við aukalögreglumönnum í einn til fjóra mánuði.²⁵⁶ Stóðu yfirvöld á Siglufirði gjarnan í stappi við stjórnvöld í Reykjavík um að halda þessum lögreglumönnum sem lengst og sem flestum, og með lögreglulögunum frá 1933 fengu þau betri samningsstöðu í þeim efnum. Vísaði bæjarstjórnin bæði til fjölda aðkomukommúnista á Siglufirði yfir sumartímamann og aukinnar hættu á uppbotum þeirra vegna, sem og til áfengisverslunarinnar sem bæði gerði tollgæslu og almenna löggæslu erfiðari. Skírskotuðu bréfritarar til efnahagslegs mikilvægis bæjarins til að reyna að sannfæra stjórnvöld í Reykjavík.²⁵⁷ Sumarið 1934 kröfðust bæjaryfirvöld tíu lögreglumanna úr Reykjavík sem gætu þjálfað allt að 100 manna varalögreglu og útbúnaðar fyrir lið af þeirri stærð,²⁵⁸ en í bænum höfðu orðið mikil átök við afgreiðslu á skipinu Dettifossi í maí og lögreglan kvatt meira en 100 manns sér til aðstoðar við það tækifæri.²⁵⁹ Stjórnvöld í Reykjavík sendu tíu lögregluþjóna á staðinn en um leið og varalögreglan í Reykjavík var lögð niður í ágúst var skipun þeirra tekin til baka. Þó var bæjarstjórninni á Siglufirði gefinn kostur á að velja sér fjóra lögreglumenn sem

²⁵³ *Alþingistiðindi* 1933 D, d. 410.

²⁵⁴ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 384-385.

²⁵⁵ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 273-274.

²⁵⁶ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 482.

²⁵⁷ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 11 nr. 257. Varalögregla utan Reykjavíkur. Sjá einnig t.d. Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 385-386 og *Morgunblaðið* 14. ágúst 1934.

²⁵⁸ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 11 nr. 257. Varalögregla utan Reykjavíkur. Bréf frá bæjarstjóra Siglufjarðar 16. maí 1934.

²⁵⁹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 308-314.

ríkissjóður skyldi kosta fram yfir síldveiðitímann.²⁶⁰ Mánuði síðar sendi bæjarfógeti símskeyti í örvæntingu sinni til Reykjavíkur þar sem hann grátbiður um að lögreglumennirnir fái að vera lengur, síldveiðitímanum sé ekki lokið og mesta fylleri sumarsins nýyfirastaðið – ríkið græði meira á innheimtum sektum fyrir áfengislagabrot þar en sem nemi launum lögreglumannanna, „burtsjed fra politískum oeirdum“.²⁶¹

Sumarið eftir var það sama uppi á teningnum og bæjaryfirvöld stóðu í stöðugum bréfaskriftum við dómsmálaráðuneytið í von um aukinn lögreglustyrk, með litlum árangri.²⁶² Auk kaupdeilna og fjölda aðkomufólks hafði í febrúar 1935 hafist sala sterkra drykkja í Áfengisverslun ríkisins á Siglufirði og drykkjuskapurinn varð slíkur að um sumarið samþykktu útgerðarmenn og síldarsaltendur að óska eftir því við yfirvöld að vínúðin yrði lokuð frá 25. júlí til 15. september, en einnig án árangurs.²⁶³

Í Vestmannaeyjum urðu einnig átök um skipan lögreglumála á þessum krepputímum en þar vildi svo til að bæjarfógetinn, Kristján Linnet, var mjög áfram um að fjölga í lögregluliði sínu en bæjarstjórnin vildi ekki heyra á það minnst. Vorið 1933 varð þar uppþot er maður sem sat í fangahúsinu grunaður um áfengisbrugg var sóttur þangað með valdi af hópi manna og sakaði *Alþýðublaðið* Kristján Linnet um að hafa sjálfur staðið fyrir húsbrotinu til að fá betri átyllu til að krefjast aukinnar löggæslu.²⁶⁴ Í kjölfar uppþotsins fjölgaði Kristján í lögregluliðinu upp á sitt einsdæmi en bæjarstjórn neitaði að greiða fyrir fjölgunina og kváðu hana hvort eð er of litla ef í hart færi.²⁶⁵ Hinir nýju löggæslumenn nutu ekki mikilla vinsælda og störfuðu ekki lengi.²⁶⁶ Þó var oft margt um manninn á áheyrendapöllum á bæjarstjórnarfundum og stundum urðu þar ólæti, jafnvel slík að lögreglurannsókn var látin fara fram í kjölfarið.²⁶⁷ Kristján leitaði ítrekað til yfirvalda í Reykjavík um aðstoð á grundvelli lögreglulaganna frá 1933 og tíundaði uppivöðslu kommúnista og drykkjuólæti í bænum, ekki síst á vertíðinni, í löngum bréfum. Stjórnvöld í Reykjavík voru treg til að bregðast við gegn vilja bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum, sem þverneituðu því að fjölga þyrfti í liðinu og gerðu mun minna úr ólátum kommúnista en bæjarfógetinn.²⁶⁸ (Ekki voru það reyndar aðeins

²⁶⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík. Ódagsett minnisblað.

²⁶¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 11 nr. 257. Varalögregla utan Reykjavíkur. Símskeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði 6. september 1934.

²⁶² ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 11 nr. 257. Varalögregla utan Reykjavíkur.

²⁶³ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, bls. 278.

²⁶⁴ *Alþýðublaðið* 23. maí 1933.

²⁶⁵ Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr*, bls. 65-66.

²⁶⁶ Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr*, bls. 66.

²⁶⁷ Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr*, bls. 67-68.

²⁶⁸ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík.

lögreglumálin sem Kristján Linnet deildi um við bæjarstjórnina, hann boðaði til dæmis til almenns fundar til að ræða ágreining sinn við hana um skuldamál.²⁶⁹) Þess má geta að á þessum tíma höfðu sjálfstæðismenn meirihluta í bæjarstjórn en jafnaðarmenn og kommúnistar höfðu þar einnig fulltrúa.²⁷⁰

Bæði Siglufjörður og Vestmannaeyjabær voru útvegsbær þar sem erill var mikill meðan vertíðin stóð yfir og hafði raunar alltaf verið þótt verkföll og uppþot tengd verkalyðsbaráttunni væru nýrri af nálinni. Beiðnir bæjaryfirvalda um aukið lögreglulið á grundvelli lögreglulaganna frá 1933 bera keim af ákveðinni tækifærismennsku – ekki endilega í neikvæðum skilningi. Þetta á sérstaklega við um bréfaskriftir Kristjáns Linnet, sem fagnaði því greinilega að geta snúið sér til ríkisstjórnarinnar þegar hann mætti ekki skilningi hjá bæjarstjórninni og sagði berum orðum að hann hygðist nýta sér nýju lögin.²⁷¹

Að lokum má geta þess að í árslok 1935 spunnust gamalkunnar deilur á þingi um ríkis- og varalögregluna. Bifreiðastjórar höfðu þá farið í verkfall til að mótmæla bensínskatti á sama tíma og fjáráukalög ársins 1933 voru rædd á Alþingi. Við það tækifæri gagnrýndi Sigurður Einarsson alþýðuflokksmaður kostnaðinn við varalögregluna, en sjálfstæðismenn brugðust við með því að saka Hermann Jónasson forsætisráðherra um að hafa kallað út varalögreglu gegn bifreiðastjóraverkfallinu þennan sama dag.²⁷² Það þarf ekki að tíunda hversu dramatískar ásakanir það voru í garð þeirra sem höfðu talað einna harðast gegn notkun sjálfstæðismanna á lögreglunni í kaupdeilum. Vissulega kvað við annan tón hjá Stjórn hinna vinnandi stétta en oft áður, verkfallið var kallað „uppreisn gegn löggjafarvaldinu“, runnin undan rifjum fjármagnseigenda og íhaldsins.²⁷³ Aftur á móti neitaði Hermann því þvert að hafa kallað til varalögreglu við þetta tækifæri – stór hluti fasta lögregluliðsins hefði verið forfallaður eða veikur og því hefðu menn sem áður hefðu unnið sem lögregluþjónar þurft að hlaupa í skarðið fyrir þá.²⁷⁴ Þó var bílstjórunum sýnd full harka og meðal annars var í verkfallinu kveðinn upp fyrsti dómsúrskurður á Íslandi um símahleranir.²⁷⁵

²⁶⁹ Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr*, bls. 72-73.

²⁷⁰ Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr*, bls. 58-59.

²⁷¹ ÞÍ. Stjórnarráð I. Db. 14, nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík. Bréf frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 12. október 1934.

²⁷² *Alþingistíðindi* 1935 B, d. 379-383. Sjá einnig *Morgunblaðið* 28. desember 1935.

²⁷³ *Alþýðublaðið* 22. og 23. desember 1935.

²⁷⁴ *Alþingistíðindi* 1935 B, d. 383, *Alþýðublaðið* 22. og 23. desember 1935.

²⁷⁵ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 39-40.

Árið 1937 var lögregluþjónum í Reykjavík loks fjölgað í 60 eins og staðið hafði til og var þá einn lögregluþjónn á hverja 602 íbúa. Tíu af þessum 60 voru lögreglumenn ríkisins sem sinntu verkefnum á vegum þess og gátu farið milli lögsagnarumdæma. Einnig komu til sögunnar um þetta leyti nýjungar á borð við útlendingaeftirlitið.²⁷⁶ Að öðru leyti urðu ekki teljandi breytingar á lögreglunni fyrr en hillti undir síðari heimsstyrjöld.

²⁷⁶ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 149-154.

Niðurstöður

Það tímabil sem hér hefur verið til umfjöllunar er spennandi tími í sögu landsins og Reykjavíkur, sem hefur sem stjórnstöð þess óhjákvæmilega verið miðlæg í ritgerðinni. Þetta voru umbrotatímar í íslensku þjóðfélagi og ríkisvaldið var enn í mótun, enda íslenska fullveldið tiltölulega nýtilkomið. Lögreglan tók stakkaskiptum á tímabilinu, lögreglumönnum fjölgaði sem og verkefnum þeirra og ekki voru allir á eitt sáttir um hlutverk þeirra í samfélaginu. Snemma í ritgerðinni var fjallað um aukin tækifæri nútímaríkisins til að skipta sér af einkalífi borgaranna og lögreglan var ósjaldan fulltrúi þessarar afskiptasemi, til dæmis með auknu matvæla- og heilbrigðiseftirliti.²⁷⁷ Hún kom ennfremur fram sem fulltrúi ríkisvaldsins í hinni nýju verkalýðsbaráttu, í umhverfi þar sem lög og reglur um slík samskipti höfðu enn ekki mótast, og þegar hungrið og fátæktin surfu að er ekki skrítið að það hafi slegið í brýnu.

Þau pólitísku öfl sem eitthvað kvað að á Íslandi á þessum tíma voru borgaralega sinnaðir hægrimenn í Íhaldsflokknum og síðar Sjálfstæðisflokknum, samvinnuhneigðir framsóknarmenn sem einkum tóku mið af landsbyggðinni, jafnaðarmenn í Alþýðuflokknum og loks kommúnistar. Hvað afstöðuna til lögreglu og ríkisvalds varðar voru íhalds- og sjálfstæðismenn algjörlega sér á báti; þeir voru eindregnir í þeirri skoðun að ríkisvaldið bæri ábyrgð á því að landslögum væri haldið uppi og því ætti stjórn lögreglunnar að vera að sem mestu leyti í höndum ríkisins. „Hvað þýðir fyrir Alþingi að setja lög“, sagði Thor Thors, „lög sem oft og tíðum eru óvinsæl og margir verða til að mótmæla, ef ekki er á hverjum tíma í þjóðfélaginu eitthvert afl, sem stendur bak við þessi lög og getur framfylgt þeim, ef nauðsyn krefur?“²⁷⁸

Kommúnistar og alþýðuflokksmenn höfðu að nokkru leyti sömu hugmyndafræðilegu afstöðu til lögreglunnar og byggðist hún mjög á afstöðu þeirra til ríkisvaldsins sjálfs; lögreglan var verkfæri ríkisins og meðan ríkið var í höndum burgeisa og kapítalista var lögreglan andsnúin verkalýðsstéttinni. Sjálfstæðismenn töluðu um ríkisvaldið og þar með lögregluna sem hlutlausan aðila, varðmann laganna sem allir væru jafnir frammi fyrir og sem allir hefðu hag af því að fylgt væri. Vinstri menn litu hins vegar fremur á ríkið og lög þess með kaldhæðnislegum augum Anatole France: „Í hátign sinni banna lögin jafnt ríkið sem fátækum að sofa undir brúm, að

²⁷⁷ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 137.

²⁷⁸ *Alþingistíðindi* 1935 B, d. 385.

betla á götunum og að stela brauði.²⁷⁹ Meðan óréttlæti ríkir í þjóðfélaginu meðal stétta, kynþátta, kynja og svo framvegis, endurframleiðir stofnun á borð við lögregluna óréttlætið óhjákvæmilega með því að framfylgja lögum þjóðfélagsins, jafnvel þótt hún geri það hlutlaust og jafnt.²⁸⁰ Alþýðuflokksmenn og kommúnistar drógu í efa þær hugmyndir að baki nútímaríkinu sem gerðu ráð fyrir því að lýðræðislegar kosningar með reglulegu millibili nægðu til að tryggja öllum borgurum jafnræði og réttlæti, en til þessa fyrirmyndarskipulags vísuðu sjálfstæðismenn ítrekað til að sýna fram á firru vinstri manna, sem vildu setja sig ofar lögnum. Það skyldi þó hafa í huga að Sjálfstæðisflokkurinn var fulltrúi valdastéttarinnar í samfélaginu, efnahagslega og lengst af þeim tíma sem hér hefur verið til umfjöllunar einnig pólitískt, og því gátu sjálfstæðismenn mjög hæglega gripið til slíkrar draumsýnar um lýðræðið til að rökstyðja eigin völd. Í þessu samhengi er yfirþyrmandi nærvera sjálfstæðismanna í varalögreglunni athyglisverð, auk fánaliðs þeirra sem hafði það yfirlýsta markmið að vera lögreglunni til aðstoðar. Þar var lið sem skákaði í skjóli ríkisvaldsins með slíkum stuðningsyfirlýsingum en gekk þó erinda ákveðinna pólitískra afla og hagsmunahópa í samfélaginu. Sumir úr flokki sjálfstæðismanna voru enda tortryggir í garð fánaliðsins og leist ekki meira en svo á marseringar þeirra og baráttugleði.²⁸¹

Á vinstri vængnum voru kommúnistar harðari í afstöðu sinni en alþýðuflokksmenn, þeir vildu starfa utan kerfisins og bylta því loks – í yfirheyrslum eftir stór og smá uppþot á bæjarstjórnarfundum neituðu þeir til dæmis jafnan að svara spurningum lögreglunnar og taka þar með þátt í „stéttadómstólnum“. Alþýðuflokksmenn höfðu mildari afstöðu til samstarfs og málamiðlana. Þeir litu svo á að þegar þeir hefðu komist til valda væri ríkisvaldið ekki lengur í höndum óvinarins, eins og sést á nafngiftinni „Stjórn hinna vinnandi stétta“. Í umræðum um lögregluna á þingi meðan ríkisvaldið var enn í höndum andstæðinganna kom fram skýr vilji Alþýðuflokksmanna til að lögregluvaldið væri að sem mestu leyti í höndum bæjar- og sveitarfélaga og þannig nær fólkinu, og í raun féllust þeir á að nauðsynlegt gæti verið að fjölga í þessum staðbundnu lögreglsveitum. Gallinn var auðvitað sá að bæjarstjórnirnar voru almennt mjög tregar til að fjölga í lögregluliði sínu og gerðu það ekki nema með

²⁷⁹ Reiner, *The Politics of the Police*, bls. 3.

²⁸⁰ Reiner, *The Politics of the Police*, bls. 3.

²⁸¹ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 220.

harmkvælum, enda hafa sveitarstjórnir á Íslandi verið sögulega smáar og veikar og ófærar um að taka að sér veigamikil verkefni.²⁸²

Framsóknarflokkurinn var sá flokkur sem hafði einna síst skýra hugmyndafræðilega afstöðu til tengsla ríkisvalds og lögreglu, enda voru framsóknarmenn margir mjög tvístígandi við samþykkt ríkislögreglufrumvarpsins, en það gerir afstöðu hans líka einna áhugaverðasta. Kjörlendi flokksins var auðvitað á landsbyggðinni og sumum þingmönnum hans fannst lögreglumálin í þéttbýlinu greinilega ekki vera sitt vandamál. Þótt það færi jafnan lítið fyrir nákvæmum útskýringum á afstöðu þeirra virðist sem miðstýringin sjálf hafi verið þeim lítt að skapi en þeim hafi þótt að sveitarfélögin ættu að vera sem sjálfstæðust, annað væri í raun hættulegt gerræði ríkisins. Það er athyglisvert að bera þessa afstöðu framsóknarmanna til lögreglunnar saman við lýsingar Guðmundar Hálfðanarsonar á andstöðu þjóðernissinnaðra íhaldsmanna á síðari hluta 19. aldar við tilhneingingar nútímaríkisins í áttina til aukinnar miðstýringar og ríkisvalds á kostnað staðbundnari stjórnareininga. Frjálslyndar hugmyndir um miðstýrt nútímaríki með atvinnufrelsi og persónufrelsi ógnuðu hinu þjóðlega bændasamfélagi. Þar höfðu sýslumenn bæði dómsvald og löggjafarvald í orði kveðnu en höfðu hins vegar engan liðsstyrk með lögregluvaldi sínu og þurftu því að lifa í þeirri von að sem flestir samþykktu lögin, en sleppa því frekar að framfylgja þeim sem réttarvitund almennings samþykkti ekki.²⁸³

Segja má að þessi ólíka afstaða frjálslyndra og þjóðernissinnaðra íhaldsmanna 19. aldar hafi að einhverju leyti bergmálað í ágreiningi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um skipulag lögreglumála á fyrri hluta 20. aldar. Þótt flokkarnir næðu samhljómi um ríkislögreglufrumvarpið að lokum, þegar þau öfl höfðu komið fram sem vildu beinlínis hafa endaskipti á þjóðfélaginu, var það óróleg sátt. Þótt íhaldssemin hefði mikil ítök í framsóknarmönnum voru þeir ekki síst fulltrúar raunsæispólitíkurinnar. Hún kom meðal annars berlega í ljós í áður nefndu bréfi Hermanns Jónssonar til dómsmálaráðherra um æskilegt skipulag lögreglunnar; þar kom fram að hann vildi fremur halda uppi lögum og reglu með lagni en hörku – og þá þyrfti líka fámennara lið.²⁸⁴ Þessi afstaða birtist einnig í ávítum *Nýja dagblaðsins* við *Morgunblaðið* á tímum bifreiðastjóraverkfallsins: „Hitt má Mbl. vel vita, að það er ekki alltaf talið hentugast að bæla uppreisnir niður með valdi. Sú aðferð gefst oft fullt eins

²⁸² Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900-1959“, bls. 346.

²⁸³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 126-129.

²⁸⁴ Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*, bls. 140-141.

vel að bíða og láta forsprakkana verða sér til minnkunar og uppreisnina hjaðna niður af sjálfu sér.²⁸⁵ Sjálfstæðismenn vildu ekki sýna slíka linkind heldur láta hart mæta hörðu og tryggja að ríkisvaldið hefði alltaf fjölmennara lið svo það færi aldrei halloka. Vinstri menn litu aftur á móti svo á að meðan róttækar breytingar hefðu ekki verið gerðar á sjálfu ríkisvaldinu, sem miðuðu að því að koma því í hendur alþýðunnar, skipti mestu máli að vinna gegn því að lögreglunni gæti verið beitt gegn verkalýðsstéttinni. Skoðanamunur flokkanna í ríkislögreglumálinu réðist því ekki síst af ólíkri afstöðu þeirra til eðlis ríkisvaldsins.

²⁸⁵ *Nýja dagblaðið* 31. desember 1935.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Þjóðarbókhlaða

Pröstur Sverrisson, „„Að vernda land vort voða frá og vondum ránaskap –“. Hugmyndir um landvarnir á Íslandi frá endurreisn Alþingis til sambandslaganna.“ Óprentuð BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1995.

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

Stjórnarráð Íslands I. Db. 11. nr. 257. Varalögregla utan Reykjavíkur.

Stjórnarráð Íslands I. Db. 14 nr. 357. Lögreglumenn í Reykjavík.

Prentaðar heimildir

Alþingistíðindi 1925 A og C.

Alþingistíðindi 1928 B.

Alþingistíðindi 1933 A, B og D.

Alþingistíðindi 1935 B.

Alþingistíðindi 1939 B.

Alþýðublaðið 1921-1937.

Arnar Guðmundsson, *Bruggið og bannárin. Áfengisbannið á Íslandi 1915-1935*.

Reykjavík 1993.

Ágrip af sögu lögreglunnar. Ritstjóri Guðmundur Guðjónsson. Reykjavík 2003.

Bagge, Sverre, *Politikens verdenhistorie 9. Højmiddelalderen*. Kaupmannahöfn 1984.

Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta I. Úr sögu byggðar og verkalýðshreyfingar á Siglufirði*. Siglufjörður 1989-1990.

Björn Steffensen, „Virkið í Suðurgötu“, *Lesbók Morgunblaðsins* 11. sept. 1982, bls. 3

Einar Olgeirsson, „Efling kommúnismans og andóf Jónasar frá Hriflu“. *Réttur* 18. árg. 1932, 2. tbl., bls. 65-104.

Guðbrandur Jónsson, *Lögreglan í Reykjavík*. Reykjavík 1938

Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“. Í *Íslensk*

þjóðfélagsþróun 1880-1990. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur

- Kristjánsson. Reykjavík 1993, bls. 9-58.
- Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001.
- Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi*. Reykjavík 2006.
- Guðni Th. Jóhannesson, „Varalið lögreglu. Rauður þráður frá rússnesku byltingunni“. *Herðubreið* 2. árg. 1. tbl. 2008, bls. 42-59.
- Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900-1959“. Í *Íslensk þjóðfélagspróun 1880-1990*. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson. Reykjavík 1993, bls. 321-354.
- „Gylfi“, „Lögregluljóð ort í tilefni af viðburðunum 18. nóvember 1921“. *Lögreglublaðið* 11. árg. 1976, bls. 65.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*. Kópavogur 1992
- Haraldur Guðnason, *Við Ægisdyr I. Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*. Vestmannaeyjabær 1982.
- Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*. Reykjavík 2002.
- Hendrik Ottósson, *Hvíta stríðið. Vegamót og vopnagnýr*. Hafnarfjörður 1980.
- Indriði G. Þorsteinsson, *Fram fyrir skjöldu*. Reykjavík 1990.
- Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“. Í *Íslensk þjóðfélagspróun 1880-1990*. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson. Reykjavík 1993, bls. 215-264.
- Jón Guðnason, „Greiðsla verkkaups í peningum. Þáttur í sjálfstæðisbaráttu íslensks verkalýðs“. *Saga* 23. árg. 1. tbl. 1985, bls. 7-57.
- Jón Ólafsson, „Voru íslenskir kommúnistar hættulegir?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 7. október 2006.
- Jón Ólafsson, „Kommúnistar og stjórnskipulagið“. *Lesbók Morgunblaðsins* 18. nóvember 2006.
- Jón Ólafsson, „Heilagt stríð“. *Lesbók Morgunblaðsins* 3. mars 2007.
- Jón Ólafsson, „Raunveruleiki fortíðar og eitt minnisblað“. *Saga* 47. árg. 1. tbl. 2009, bls. 149-161.
- Jón Ólafsson, „Nokkur orð um ályktanir og túlkun heimilda“. *Saga* 48. árg. 1. tbl. 2010, bls. 165-172.
- Klinge, Matti, *Politikens verdenhistorie 15. Borgerskabets brydningstid*. Kaupmannahöfn 1984.
- Lessnoff, Michael, *Social Contract*. New York 1986.

- Mann, Michael, „The Autonomous Power of the State: Its Origins, Mechanisms and Results“. Í *States in History*. Ritstj. J.A. Hall. Oxford 1986, bls. 109-136.
- Mannfjöldi, mannaflí og tekjur*. Reykjavík 1984.
- Morgunblaðið* 1921-1937.
- Nietzsche, Friedrich, *Af sífjafræði siðferðisins*. Róbert Jack þýddi. Reykjavík 2010.
- Nýja dagblaðið* 1935-1937.
- Ólafur R. Einarsson og Einar Karl Haraldsson, *Gúttóslagurinn 9. nóv. 1932 baráttuárið mikla í miðri heimskreppunni*. Reykjavík 1977.
- Reiner, Robert, *The Politics of the Police*. London 1992.
- Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni. Heimildir*. Ritstj. Pétur Pétursson og Haraldur Jóhannsson. Reykjavík 1986.
- Rystad, Göran, *Politikens verdenshistorie 12. Religionskrige og enevælde*. Kaupmannahöfn 1984.
- Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa. Sjálfsævisaga* III. Reykjavík 1966-1977.
- Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*. Reykjavík 1931.
- „Hermann Jónasson, fyrsti lögreglustjóriinn“. *Lögreglublaðið* 2. árg. 1967, bls. 71-74.
- Stevnsborg, Henrik, *Politi 1682-2007*. Kaupmannahöfn 2010 .
- Stjórnartíðindi* 1928.
- Tíminn* 1934.
- Verklýðsblaðið* 1932-1933.
- „Viðtal við Gunnar Jónsson, fyrrv. lögregluþjón“. *Lögreglublaðið* 3. árg. 1968, bls. 14-17.
- Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi. Stéttartal og saga*. Reykjavík 1997.
- Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð, 1921-1946*. Reykjavík 2010.